

Reykjavík Lawyers
Sveinn Andri Sveinsson hrl.
Grjótagötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. janúar 2016

Efni: Svar stjórnar Strætó bs. við ávirðingum um brot gegn rammasamningi um akstur fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna

Stjórn Strætó bs., kt. 500501-3160, Þönglabakka 4, 109 Reykjavík (hér eftir: umbj. minn), hefur falið undirrituðum að svara bréfi þínu, fyrir hönd Efsta Hóls ehf., All Iceland Tours ehf., Aldeyjar ehf., Ferðaglaðs ehf. og Björns Páls Angantýssonar, dags. 30. nóvember sl.

Í bréfinu eru meðal annars til umfjöllunar tvö mál sem umbj. þínir reka gegn umbj. mínum fyrir kærunefnd útboðsmála, þ.e. kröfu þeirra um endurupptöku málsins nr. 3/2015 og nýtt kærumál nr. 25/2015. Sjónarmiðum umbj. míns er komið ítarlega á framfæri í greinargerðum hans til kærunefndarinnar í málunum og vísast til þeirrar umfjöllunar að svo miklu leyti sem við á, en afrit greinargerðanna eru meðfylgjandi bréfi þessu.

Að gefnu tilefni er athygli umbj. þinna þó vakin á þeirri staðreynd, að niðurstaða kærunefndar útboðsmála í málinu nr. 3/2015 byggir öðru fremur á því mati kærunefndarinnar, að eins og stöðu framsalshafa var háttáð við framsal viðkomandi rammasamnings hafi hann ekki fullnægt öllum skilmálum upphaflegs rammasamningsútboðs. Kærunefndin hafnar aftur á móti sjónarmiðum umbj. þinna um að umbj. mínum hafi verið óheimilt að framselja rammasamninginn og áréttar sérstaklega að niðurstaða kærunefndarinnar haggi ekki við gildi framsals rammasamningsins. Þá staðfestir kærunefndin jafnframt að heimildir til að lýsa hinn framselda rammasamning óvirkan eigi ekki við, þar sem ekki verði litið svo á að gerður hafi verið nýr samningur án undanfarandi lögmæts innkaupaferlis.

Fullyrðingar umbj. þinna um að kærunefndin hafi ekki tekið á því álitaefni, hvort samningsgerðin við framsalshafa feli í sér framsal gildandi rammasamnings eða nýjan samning, eiga því ekki við rök að styðjast.

Umbj. minn vill jafnframt taka fram, að fullyrðingar umbj. þinna um ranga upplýsingagjöf stjórnenda byggðasamlagsins til kærunefndar útboðsmála, sem og síendurtekin og gróf



brot þeirra gegn rammasamningum um tilfallandi akstursþjónustu fyrir fatlaða, komu umbj. mínum mjög í opna skjöldu. Athygli vekur að fullyrðingar umbj. þinna eru ekki studdar nokkrum gögnum og er því ekkert sem bendir til þess að þær eigi við rök að styðjast.

Að gefnu tilefni vill umbj. minn þó árétta eftirfarandi staðreyndir. Gögn málsins bera með sér að upphaflegur handhafi hins umdeilda rammasamnings bauð fram bifreiðar í flokki II (hjólástólabifreiðar). Þá kemur fram í tilkynningu innkaupadeildar Reykjavíkurborgar til þátttakenda, dags. 19. ágúst 2014 og endanlegri staðfestingu á aðild að rammasamningi, að framboðnar bifreiðar viðkomandi aðila séu í flokki II, en með staðfestingunni komst á gildur rammasamningur með aðilum. Til samræmis við framangreint er sérstaklega tekið fram við framsal rammasamningsins, að um sé að ræða rammasamning um rekstrarvagna í flokki II. Með því var leiðrétt augljós misritun í hinum upphaflega rammasamningi, þar sem vísað var til bifreiða í flokki IV, en athygli kærunevndarinnar var vakin á þeirri misritun í greinargerð umbj. míns til nefndarinnar.


Þá eiga fullyrðingar umbj. þinna um að framkvæmdastjóri hins upphaflega rammasamningshafa hafi nú staðfest, að framboðnar bifreiðar fyrirtækisins hafi verið í flokki IV en ekki flokki II, ekki við nokkur rök að styðjast. Krafa umbj. þinna um endurupptöku málsins virðist raunar einkum vera grundvölluð á fullyrðingum um málsatvik, sem eru beinlínis rangar og í ósamræmi við gögn málsins, eins og nánar er rakið í greinargerð umbj. míns til kærunevndar útboðsmála í málinu nr. 3/2015 B.

Að lokum hafnar umbj. minn fullyrðingum umbj. þinna um að brotið hafi verið gegn samningskaupaskilmálum við framkvæmd rammasamninga um tilfallandi akstur fyrir fatlað fólk og fötluð skólabörn, þannig að réttlætt geti kröfugerð umbj. þinna í málinu nr. 25/2015 hjá kærunevnd útboðsmála, en að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um sjónarmið umbj. míns í greinargerð hans til kærunevndarinnar.

Með vísan til framangreinds mun umbj. minn ekki bregðast með öðrum hætti við erindi umbj. þinna að svo stöddu.

Samrit bréfs þessa er jafnframt sent öðrum viðtakendum bréfs þíns til upplýsingar.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Strætó bs.



Guðmundur Siemsen hdl.

Kærunefnd útboðsmála
Arnarhváli
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2015

Greinargerð Strætó bs. vegna kæru vegna meintra brota á samningskaupum

Strætó bs. (varnaraðili) hefur falið undirrituðum lögmanni að gæta hagsmuna byggðasamlagsins vegna framkominnar kæru Efta Hóls ehf., All Iceland Tours ehf., Björns Páls Angantýssonar, Aldeyjar ehf. og Ferðaglaðs ehf. í tengslum við B-hluta samningskaupa um tilfallandi akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna, sbr. samningskaupagögn nr. 13261.

Kærumálgögn voru send undirrituðum með rafrænum hætti hinn 24. nóvember sl. Með bréfi kærunefndarinnar var varnaraðila veittur frestur til þess að skila athugasemdum og viðeigandi fylgigögnum til kærunefndarinnar til þriðjudagsins 8. desember. Samkvæmt beiðni veitti nefndin viðbótarfrest til mánudagsins 14. desember.

Kröfugerð

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum kæranda verði vísað frá kærunefndinni, en til vara að öllum kröfum kæranda í málinu verði hafnað.

Í báðum tilvikum gerir varnaraðili kröfu um að kærunefnd útboðsmála úrskurði kæranda til að greiða málskostnað, sbr. 3. mgr. 97. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Málsatvik

Síðastliðið sumar óskaði Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar f.h. byggðasamlagsins Strætó bs. eftir áhugasömum aðilum til þess að taka þátt í innkaupaferli um þjónustuna „Akstursþjónusta fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna“, sbr. nánar samningskaupagögn nr. 13261. Þjónustuverkefnið fól í sér að annast akstur á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2015-2019 fyrir Strætó bs. í samræmi við samkomulag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks, dags. 19. maí 2014.

Afhending samningskaupagagna fór fram hinn 10. júní 2014. Samkvæmt samningskaupalýsingu var samningskaupunum skipt í tvo hluta, annars vegar

samningskaupahluta A um innkaup á reglubundinni akstursþjónustu, og hins vegar samningskaupahluta B um innkaup á tilfallandi þjónustu. Kæruefni einskorðast við samningskaupahluta B og mun umfjöllun í greinargerð þessari því einskorðast við þann hluta samningskaupanna, en sérstök samningskaupalýsing og skilmálar voru gefin út um þann hluta þjónustunnar. Samningshluti B var samkvæmt samningskaupagögnum afmarkaður við tilfallandi akstursþjónustu og gert var ráð fyrir að innkaupaferlinu loknu yrðu gerðir rammasamningar um slíka þjónustu við tiltekinn fjölda akstursaðila sem uppfylltu hæfiskröfur. Ástæða er til að áréttast sérstaklega að samningskaupagögnin gera því ekki ráð fyrir innkaupum á tilteknu magni akstursstunda, heldur aðeins tilfallandi kaupum á þjónustu af einum eða fleiri rammasamningshöfum eftir atvikum. Innkaupaferlinu er nánar lýst í gr. 0.1.6 í samningskaupagögnum.

Umsækjendur skyldu uppfylla kröfur laga nr. 73/2001 um fólks- og farmflutninga ásamt reglugerð nr. 528/2002 um fólksflutninga á landi og/eða kröfur laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar ásamt reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar. Samningskaupin fóru fram á grundvelli tilskipunar nr. 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu (veitutilskipunin), sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 755/2007.

Umsækjendur sem skifuðu umsókn í samræmi við skilmála samningskaupagagnanna og uppfylltu framangreind hæfisskilyrði greinar 0.2.7 komust áfram og var gefinn kostur á þátttöku í næsta stigi samningskaupaferlisins. Vegin heildareinkunn réð síðan því hvaða umsækjendum var boðin aðild að rammasamningi, en í gr. 0.2.9 samningskaupagagnanna er nánar fjallað um mat á tillögum og verðtilboði umsækjenda og einkunnagjöf þeirra.

Hinn 19. ágúst 2014 sendi Innkaupadeild Reykjavíkurborgar f.h. varnaraðila tilkynningu um niðurstöðu einkunnagjafarinnar til þeirra þátttakenda samningskaupanna, sem skiluðu inn endanlegum lausnum og verðtilboði (fylgiskjal nr. 1).

Hinn 1. september 2014 fengu þátttakendur staðfestingu á því að gerður yrði rammasamningur við 18 bjóðendur um akstursþjónustuna samkvæmt B hluta samningskaupanna um tilfallandi akstursþjónustu (fylgiskjal nr. 2). Samið var við alla kærendur. Innkaupaferlinu lauk því endanlega á því tímamarki og skyldu rammasamningshafar þegar hefja undirbúning akstursþjónustunnar. Akstur rekstrarvagna á vegum rammasamningshafa hófst að morgni 1. janúar sl. og mun ljúka að kvöldi 31. desember 2019, komi ekki til framlengingar samningstímans.

Hinn 2. nóvember síðastliðinn, rúmu ári eftir að samningar komust á, gerði einn rammasamningshafinn fyrst skriflegar athugasemdir við framkvæmd rammasamnings. Fljótlega í kjölfarið hófu þeir kærurál þetta.

Málsástæður

1. Krafa um frávísun

a) *Kæruatriði eru utan valdsviðs kærunefndar útboðsmála*

Samkvæmt 2. mgr. 91. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup er það hlutverk kærunefndar útboðsmála að leysa með skjótum og óhlutdrægum hætti úr kærnum fyrirtækja vegna ætlaðra brota á lögum um opinber innkaup og reglum settum samkvæmt þeim, þ.m.t. ákvæðum veitutilskipunarinnar. Þannig er ljóst að hlutverk nefndarinnar er að leysa úr kærnumálum sem rísa vegna meintra brota *á meðan á útboðsferli stendur*, en afskiptum nefndarinnar lýkur þegar samningur er kominn á að loknu útboðsferli.

Kröfugerð kæranda lýtur að því að kærunefnd útboðsmála „úrskurði um brot varnaraðila á samningskaupum...“ vegna tiltekinnar háttsemi sem kæranda er gefin að sök. Auk þess er þess krafist að nefndin láti uppi álit sitt á skaðabótaskyldu varnaraðila gagnvart kærendum vegna meintra brota „á samningskaupum“. Varnaraðili telur ljóst fyrirnefndar kröfur kæranda lúta eingöngu að meintum brotum varnaraðila vegna framkvæmdar innkaupa varnaraðila á grundvelli gildandi rammasamninga en ekki vegna brota á ákvæðum veitutilskipunarinnar eða laga um opinber innkaup, að því leyti sem þau gilda um innkaupin. Í því sambandi vekur varnaraðili sérstaka athygli nefndarinnar á því að kærundur víkja hvergi að því í kæru að varnaraðili hafi brotið gegn ákvæðum veitutilskipunarinnar eða laga um opinber innkaup.

Með vísan til framangreinds telur kærandi ljóst að valdsvið kærunefndar nær ekki til þeirra atriða sem vísað er til í kæru, enda varða þau innkaup á grundvelli rammasamninga sem þegar eru komnir á og skilmálar eru að öllu ákveðnir. Af úrskurðum kærunefndar útboðsmála er ljóst að við slíkar aðstæður verður að vísa kröfum kæranda frá nefndinni, samanber t.d. úrskurð kærunefndar útboðsmála frá 26. maí 2009, í máli nr. 17/2009.

b) *Kröfur eiga sér ekki lagastoð*

Verði ekki fallist á frávísun málsins frá nefndinni á þeim grunni að kæruatriði séu utan valdsviðs nefndarinnar krefst varnaraðili þess að kærinni verði vísað frá í heild á þeim grundvelli að kröfur kæranda samræmast ekki úrræðum nefndarinnar sem eru tæmandi talin í 96. og 97. gr. laga um opinber innkaup, enda er ljóst að kröfugerð kæranda *skal* lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum um opinber innkaup, sbr. ákvæði 2. mgr. 94. gr. laganna og d.lið 4. gr. starfsreglna fyrir kærunefnd útboðsmála.

Ljóst er að kröfugerð kæranda, sem lýtur að því að kærunefnd úrskurði um meint brot varnaraðila á samningskaupum, samræmist á engan hátt úrræðum nefndarinnar, enda telur varnaraðili ljóst að lögsaga nefndarinnar nái ekki til úrslausna slíkra mála, sbr. fyrri



umfjöllun. Í því sambandi vísar varnaraðili til úrskurðar kærunefndar útboðsmála frá 4. mars 2009, í máli nr. 10/2008B.

Kærendur krefjast þess jafnframt að kærunefnd láti uppi álit sitt á skaðabótaskyldu varnaraðila gagnvart kærendum, vegna meintra brota skv. 1.a og 1.b. Samkvæmt 101. gr. laga um opinber innkaup er kaupandi aðeins skaðabótaskyldur vegna þess tjóns sem brot á lögnum, þ.á.m. þeim ákvæðum tilskipunarinnar sem vísað er til í lögnum, og reglum settum samkvæmt þeim hefur í för með sér fyrir fyrirtæki. Þannig er skilyrði að kaupandi hafi brotið gegn ákvæðum laganna, reglum settum samkvæmt þeim eða veitutilskipuninni. Þar sem því er ekki haldið fram í málinu telur varnaraðili að nefndin geti ekki látið uppi álit sitt á skaðabótaskyldu varnaraðila samkvæmt 2. mgr. 97. gr. laga um opinber innkaup.

Með hliðsjón af framanröktu telur varnaraðili að vísa beri öllum kröfum kæranda frá nefndinni.

2. Krafa um að öllum kröfum kæranda verði hafnað

Til stuðnings þeirri kröfu varnaraðila að öllum kröfum kæranda í málinu verði hafnað er einkum vísað til þeirrar staðreyndar, að innkaupaferli varnaraðila lauk með tilkynningu um samningsaðild til tiltekinna þátttakenda í samningskaupunum og gerð formlegra rammasamninga 1. september 2014. Við það tímamark lýkur þætti opinberra reglna, þ.m.t. laga um opinber innkaup, reglum settum samkvæmt þeim og veitutilskipunarinnar. Við taka einkaréttarlegar reglur, s.s. reglur samninga- og kröfuréttar. Þau atriði sem kærendur vísa til í kæru varða öll framkvæmd samnings, sem ekki er hluti af innkaupaferlinu sem slíku og samningskaupaferlinu því óviðkomandi með öllu.

i. Meint brot varnaraðila á samningskaupum

Þess er krafist í fyrsta kröfulið kæru að kærunefnd útboðsmála úrskurði um brot varnaraðila á samningskaupum um tilfallandi akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna um akstursþjónustu, með því að hafa á nánar tiltekinn hátt farið út fyrir ákvæði samningskaupagagna.

a) Uppröðun rammasamningshafa við úthlutun verkefna

Í kæru er byggt á því að varnaraðili velji rammasamningshafa til einstakra verka án þess að fara eftir þeirri röð sem „fylgja átti“, þ.e.a.s. að varnaraðili hafi ekki valið þann akstursaðila hverju sinni sem átti hagstæðasta tilboðið. Til nánari skýringar er vísað til þess í kæru að meint brot varnaraðila snúist um það að notuð sé þjónusta hjólastólabifreiða á vegum Ný-tækni á kr. 8.301 á klukkustund vegna akstursþjónustu fyrir farþega sem ekki eru í hjólastól. Þá segir að „11 rammasamningshafar keyri slíka farþega á lægra verði,

hvers meðalverð er á bilinu 7.555 til 8.116“. Einnig kemur fram að allir 11 rammasamningshafarnir séu með hærri stigagjöf en Ný-tækni fyrir utan einn sem stendur jafnfætis félaginu.

Varnaraðili byggir á því að samkvæmt veitutilskipuninni eru honum engar skorður settar við kaup á þjónustu innan rammasamningsins og getur keypt þjónustuna af hvaða rammasamningshafa sem er, enda er ljóst að varnaraðili gerði rammasamning við akstursaðila á grundvelli samningskaupa að undangenginni útboðsauglýsingu. Með því fullnægði varnaraðili skyldum sínum samkvæmt veitutilskipuninni um tilhögun innkaupa. Við val á útboðsaðferð eða innkaupaferli var tekin sú ákvörðun af hálfu varnaraðila að velja samningskaup þar sem gerðir yrðu rammasamningar við þá umsækjendur sem yrðu fyrir valinu í samningskaupaferlinu. Með hliðsjón af eðli þjónustunnar var sú aðferð valin m.a. á þeim grundvelli að varnaraðili hefði þá heimild til þess að kaupa þjónustu af þeim rammasamningshafa sem væri best til þess fallinn að veita þjónustuna hverju sinni. Til fyllingar þessari aðferðarfræði varnaraðila var að finna lýsingu á skipulagi aksturs og þöntun þjónustu í grein 1.1.2 í upphaflegu samningskaupagögnunum:

„Strætó bs. mun nota þar til gert aksturskerfi (hugbúnað) til að skipuleggja akstur og raða farþegum í rekstrarvagna.

Tölvubúnaðurinn finnur þann rekstrarvagn sem uppfyllir best ferðatilhögun farþega og þær kröfur sem eiga við um hann og ferðatíma. Bifreiðastjóri sé pantanir á skjá í rekstrarvagni, en þjónustuver Strætó gegnir skipulags og eftirlitshlutverki. Bifreiðarstjóri kvittar fyrir þegar viðkomandi farþegi hefur verið sóttur og honum skilað. Þannig er stuðlað að því að kerfið komi í veg fyrir mannleg mistök og hámarki nýtingu rekstrarvagna...“

„...Um sameiginlega akstursþjónustu er að ræða þannig að fjöldi farþega í hverjum rekstrarvagni er breytilegur. Lögð er áhersla á að ferðatími hvers farþega fari ekki yfir 60 mínútur en leitast verður við að hann fari ekki yfir 40 mínútur.

Farþegar þurfa að vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar eða við hann á umsöndum tíma. Biðtími farþega skal að jafnaði ekki fara yfir 10 mínútur frá umsömdum tíma...“ [undirstrikanir lögmanns varnaraðila].

Með vísan til þessa byggist val varnaraðila á hagstæðasta rekstrarvagni í hvert sinn á því hvaða rekstrarvagn uppfyllir best ferðatilhögun farþega og þær kröfur sem eiga við um farþegann og ferðatíma hans, en fullnægir jafnframt kröfum um hámarks nýtingu rekstrarvagna. Hámarksnýting fæst með því að kallaðar eru til 9 farþega bifreiðir í flokki II sem þjónað geta þörfum bæði gangandi farþega og farþega í hjólastól.



Að framangreindu leiðir að ekki er unnt að fallast á sjónarmið kæranda um að varnaraðila beri að leita ávallt til þess akstursaðila sem bauð lægsta verðið, enda er ljóst að rekstrarvagnarnir eru mismunandi kostum búnir sem ræðst af eðli þjónustunnar. Í því sambandi má nefna að hluti rekstrarvagna eru ekki búnir fyrir akstur farþega í hjólastólum og verða eðli máls samkvæmt ekki nýttir í slíkan akstur. Af sömu ástæðum verður sú skylda ekki leidd af svári Innkaupadeildar Reykjavíkurborgar, dags. 26. júní 2014, sem varð viðauki 2 við samningskaupagögnin. Í svarinu felst hins vegar lýsing á þeirri stefnu varnaraðila að lágmarka rekstrarkostnað og hámarka nýtingu rekstrarvagna. Slíkt er í fullu samræmi við yfirlýstan tilgang opinberra innkaupa um að stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri.

Með hliðsjón af framangreindu er ekki hægt að fallast á að varnaraðila hafi við úthlutun verkefna ávallt borið að velja þann akstursaðila sem bauð lægsta verðið. Einnig vekur varnaraðili athygli nefndarinnar á því að ekki var samið við kærundur eða aðra rammasamningshafa um innkaup á tilteknum fjölda akstursstunda, heldur aðeins gert ráð fyrir að kaupa megi þjónustu af rammasamningshöfum á gildistíma samninganna samkvæmt skilmálum hver samnings um sig. Það lá því fyrir frá upphafi að um *tilfallandi* aksturþjónustu væri að ræða og var rammasamningshöfum ekki lofaður tiltekinn lágmarksakstur.

b) Notkun fólksflutningabifreiða utan samningskaupa

Kærundur byggja á því að kærandi hafi notað „rútubifreiðir við tilfallandi akstur sem ekki er gert ráð fyrir að notaðar séu í aksturþjónustunni“. Upp hafa komið nokkur ófyrirséð tilvik við framkvæmd aksturs innan rammasamnings þar sem varnaraðili hefur verið knúinn til þess að kalla út fólksflutningabifreiðar á vegum rammasamningshafa. Í þeim undantekningartilvikum hefur varnaraðili þurft að flytja stóra hópa fólks á sama stað eða mest í kringum 50-60 manns. Framboðnir rekstrarvagnar rammasamningshafa uppfylla ekki þau skilyrði að geta flutt svo stóra hópa, enda tekur stærsti rekstrarvagninn aðeins 9 farþega. Í öllum tilvikum var leitað til rammasamningshafa og þannig gengið úr skugga um að bifreiðarstjórar uppfylltu kröfur samningskaupagagna, sbr. grein 1.2.2.

Þegar upp hefur komið sú staða að flytja þarf stóra hópa hefur komið til skoðunar að kalla út þann fjölda framboðinna rekstrarvagna sem til þarf svo að unnt sé að flytja hópana á áfangastað og aftur til baka. Í þeim tilvikum hefur staðan verið sú að fyrirséð var að a.m.k. önnur ferð hópsins var á háannatíma, þegar langflestir framboðnir rekstrarvagnar rammasamningshafa voru þegar í notkun, svo ekki var unnt að tryggja að hópurinn yrði fluttur á tilskildum tíma. Að mati varnaraðila var sú leið því ótæk.



Varnaraðili telur að ómögulegt hafi verið fyrir rammasamningshafa að sinna akstri svo stórra hópa með þeim rekstrarvögnum sem framboðnir voru. Þar af leiðandi hafi varnaraðila verið heimilt að óska eftir því við tiltekna rammasamningshafar að þeir myndu aka fólksflutningsbifreiðum sínum í undantekningartilvikum til þess að bregðast við þeim vanda sem upp hefur komið. Varnaraðili leggur áherslu á að honum hefur verið falið að sinna umsýslu með rekstri ferðaþjónustu fatlaðs fólks með samkomulagi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, en sveitarfélögin bera lögákveðna skyldu til þess að veita fötluðu fólki kost á ferðaþjónustu, sbr. 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Þar sem um lögbundna þjónustu er að ræða er afar brýnt að varnaraðili veiti farþegum þá þjónustu sem pöntuð er.

c) Þjónusta annarra aðila en rammasamningshafa

Í kæru er því haldið fram að Strætó kalli til bifreiðir og bifreiðastjóra frá Hreyfli, hvort sem bifreiðir kæranda voru lausar eða ekki. Varnaraðili hafnar þessari staðhæfingu sem rangri. Hið rétta er að þegar rekstrarvagnar rammasamningshafa eru allir uppteknir í akstri hefur varnaraðili brugðið á það ráð að kalla út leigubifreiðir svo unnt sé að mæta þörfum farþega akstursþjónustunnar. Slíkt er hins vegar ekki gert nema ekki sé unnt að finna rekstrarvagn sem getur flutt farþega innan þess tímaramma sem óskað er eftir.

Í algjörum neyðartilvikum hefur varnaraðili einnig þurft að kalla út leigubifreiðir þegar rammasamningshafar eru fjarri upphafsstað ferðarinnar, svo unnt sé að draga úr bíðtíma farþega. Slík tilvik eru þó afar fátíð og heyra til algjörra undantekninga, t.d. ef komið hafa upp alvarlegir hnökror í þjónustunni, t.a.m. þegar farþegar hafa gleymst.

Það er því ljóst að akstur leigubifreiða kemur, undir venjulegum kringumstæðum, ekki til álita hjá varnaraðila nema allir rammasamningshafar séu uppteknir. Við slíkar aðstæður telur varnaraðili sig hafa heimild til þess að kalla út leigubifreiðir, enda telur varnaraðili það ekki koma niður á rammasamningshöfum sem sjálfir eru að sinna akstri á sama tíma.

2. Krafa um álit á skaðabótaskyldu

Hvergi er að því víkið í kærinni að varnaraðili hafi brotið gegn lögum, reglum settum samkvæmt þeim eða veitutiðskípuninni. Það skýtur því skökku við að í kæru komi fram að fyrir liggí „skýrt brot á reglum um opinber innkaup“ og verður ekki séð við hvað kærundur eiga með þeirri fullyrðingu.

Þá vísar varnaraðili til fyrri umfjöllunar um að krafa um að kærunefnd láti uppi álit sitt á skaðabótaábyrgð vegna meíntra brota á samningskaupum. Líkt og áður hefur komið fram er það grundvallaratriði samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laga um opinber innkaup að kaupandi hafi brotið gegn ákvæðum laganna, reglum settum samkvæmt þeim eða veitutiðskípuninni

til þess að geti talist skaðabótaskyldur í skilningi laganna. Því er ekki haldið fram í málinu að brotið sé gegn öðru en „samningskaupum“ og getur nefndin þegar af þeirri ástæðu ekki látið uppi álit sitt á skaðabótaskyldu varnaraðila samkvæmt 2. mgr. 97. gr. laga um opinber innkaup.

Í kæru kemur fram að kærendur hafi átt raunhæfa möguleika á því að sinna þeirri akstursþjónustu sem þeir voru hlunnfarnir um að sinna og að við brot varnaraðila hafi tekjumöguleikar kæranda skerst verulega, sbr. 1. mgr. 101. gr. laga um opinber innkaup. Slík staðhæfing stendur algjörlega órökstudd í kæru og er hafnað af hálfu varnaraðila. Varnaraðili vísar til þess að hin meintu brot eru ekki til þess fallin að hafa nokkur áhrif á viðskipti rammamannshafa á samningstímanum og þar af leiðandi ekki til þess fallin að kærendur verði fyrir tjóni vegna þeirra. Í því sambandi áréttar varnaraðili jafnframt sérstaklega að um er að ræða innkaup á tilfallandi akstursþjónustu. Ekki sé samið um innkaup á tilteknum fjölda akstursstunda, heldur aðeins gert ráð fyrir að kaupa megi þjónustu af rammamannshöfum á gildistíma samninganna samkvæmt skilmálum hvers samnings um sig. Þá er ekki er unnt að sjá að kærendur hafi orðið fyrir tjóni við að útbúa tilboð eða taka þátt í útbóði þannig að þeim beri bætur úr hendi varnaraðila samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laga um opinber innkaup þar sem kærendur eru þegar aðilar að rammamannningi um þá þjónustu sem athugasemdir kæranda lúta að og virkir þátttakendur í þjónustuverkefninu.

Með vísan til framangreinds er kröfu kæranda um að kærunefndin láti uppi álit sitt á skaðabótaskyldu varnaraðila gagnvart kæranda jafnframt hafnað.

3. Málskostnaður

Varnaraðila telur að hafna beri öllum kröfum kæranda í málinu, þ.m.t. kröfu um málskostnað.

Varnaraðili gerir kröfu um að kærunefnd úrskurði kæranda til að greiða málskostnað sem rennur í ríkissjóð, sbr. 3. mgr. 97. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup. Skilyrði þess að nefndin geti ákveðið að kærandi greiði fyrrgreindan málskostað eru þau að kærán sé bersýnilega tilefnislaus eða höfð uppi í þeim tilgangi að tefja fyrir framgangi opinberra innkaupa. Kærandi telur að fyrra skilyrðið sé uppfyllt. Kæra málsins byggir einkum á sjónarmiðum er varða framkvæmd samnings eftir að samningskaupaferli var að fullu lokið. Þá á kröfugerð kæranda enga stoð í þeim heimildum sem kærunefnd eru veittar með ákvæðum laga um opinber innkaup. Varnaraðili byggir á því að kærendum mátti vera fullljóst að ágreiningurinn fellur utan valdsviðs kærunefndarinnar og að kröfugerð á sér enga stoð í lögum um opinber innkaup. Með vísan til ofangreinds telur varnaraðili að

kröfur kæranda séu bersýnilega tilefnislausar. Beri nefndinni því að úrskurða kærendur til þess að greiða málskostnað, sbr. 3. mgr. 97. gr. laga um opinber innkaup.

Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn, ef tilefni þykir til eða óskað er eftir, á síðari stigum.

Óskað er eftir að tilkynningar, ákvarðanir og úrskurðir verði sendir undirritaðri með rafpósti á netfangið: linda@advet.is

Virðingarfyllst,
f.h. varnaraðila,

Linda Fanney Valgeirsd.
Linda Fanney Valgeirsdóttir hdl.
f.h. Guðmundar Siemsen hdl.

Fylgiskjöl:

- Nr. 1 Tilkynning Innkaupadeildar Reykjavíkurborgar f.h. varnaraðila, dags. 19. ágúst 2014.
- Nr. 2 Endanleg staðfesting á aðild að samningi vegna hluta B, dags. 1. september 2014.

Kærunefnd útboðsmála
Arnarhváli
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2015

Greinargerð Strætó bs. vegna kröfu um endurupptöku á máli nr. 3/2015

Strætó bs. (varnaraðili) hefur falið undirrituðum lögmanni að gæta hagsmuna byggðasamlagsins vegna framkominnar kröfu Efsta Hóls ehf., All Iceland Tours ehf. og Aldeyjar ehf. um endurupptöku máls nr. 3/2015.

Kærumálgögn voru send undirritaðri með rafrænum hætti hinn 2. desember sl. Með bréfi kærunefndarinnar var varnaraðila veittur frestur til þess að tjá sig um efni endurupptökubeiðninnar til miðvikudagsins 16. desember nk., en sá frestur var síðar framlengdur til dagsins í dag.

Kröfugerð

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá kærunefndinni, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila í málinu verði hafnað.

Málsatvik

Um málsatvik vísar varnaraðili til greinargerðar sinnar í máli nr. 3/2015 hjá kærunefndinni, en í henni er ítarlega gerð grein fyrir atvikum málsins eins og þau horfa við varnaraðila (fylgiskjal nr. 1). Sem fyrr er lýsingú sóknaraðila á atvikum málsins mótmælt sem rangri, að svo miklu leyti sem hún samræmist ekki málsatvikalýsingu varnaraðila og gögnum málsins. Að gefnu tilefni mótmælir varnaraðili sérstaklega fullyrðingum sóknaraðila um að varnaraðili hafi vísitandi gefið kærunefndinni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar í málinu nr. 3/2015, en þær fullyrðingar eiga ekki við nokkur rök að styðjast.

Hinn 13. ágúst 2014 kvað kærunefnd upp úrskurð í málinu nr. 3/2015.

Hinn 27. október síðastliðinn óskaði lögmaður sóknaraðila eftir afriti af tilteknum hluta tilboðsgagna Kynniferða ehf. sem hann fékk afhent skömmu síðar. Hinn 30. nóvember sl. barst stjórn varnaraðila, borgarráði Reykjavíkur, Bæjarráði Mosfellsbæjar, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Seltjarnarness og Kópavogs auk Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á

höfuðborgarsvæðinu, bréf þar sem lögmaður sóknaraðila lýsti því m.a. yfir að gerð yrði krafa um endurupptöku máls nr. 3/2015 hjá kærunefnd. Krafan var lögð fram sama dag.

Málsástæður

1. Krafa um að málinu verði vísað frá nefndinni

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga á aðili máls rétt á því að mál verði tekið til meðferðar á ný ef stjórnvaldsákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Af ákvæðinu fæst ráðið að um er að ræða heimild til endurupptöku á sama máli, en að nýtt mál verði ekki tekið til meðferðar á grundvelli ákvæðisins.

Varnaraðili bendir á að í kröfu sóknaraðila um endurupptöku málsins eru ekki gerðar sömu kröfur og gerðar voru í málinu nr. 3/2015. Til viðbótar við fyrri kröfur gera sóknaraðilar nú kröfu um að varnaraðili verði beittur stjórnvaldssekt með vísan til 100. gr. d. laga um opinber innkaup. Kærunefnd hefur ekki úrskurðað um þá kröfu áður og er því ljóst að sóknaraðilar hefur aukið við kröfugerð sína. Með vísan til þess telur varnaraðili ljóst að málið verði ekki tekið til meðferðar á ný á grundvelli 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga og beri því að vísa málinu frá nefndinni.

2. Krafa um að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað

Til stuðnings þeirri kröfu varnaraðila að öllum kröfum sóknaraðila í málinu verði hafnað er einkum vísað til þess að frestur til að endurupptaka málið er liðinn, skilyrði endurupptöku eru ekki fyrir hendi og kröfur eiga sér ekki lagastoð.

- a) Frestur samkvæmt 2. mgr. 24. gr. stjórnslulaga 37/1993 er liðinn

Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 verður beiðni um endurupptöku máls ekki tekin til greina nema að fengnu samþykki frá gagnaðila máls eftir að þrjú mánuðir eru liðnir frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laganna segir um 2. mgr. 24. gr. að í ákvæðinu sé að finna skilyrði sem sett séu til þess að við halda hæfilegri festu í stjórnsluframkvæmd og þannig stuðla að því að mál séu til lykta leidd svo fljótt sem unnt er.

Sóknaraðilum var kynntur úrskurður kærunefndar útboðsmála í máli nr. 3/2015 hinn 13. ágúst 2015. Krafa um endurupptöku málsins barst nefndinni hinn 30. nóvember 2015, eða þremur og hálfum mánuði eftir að úrskurður nefndarinnar var kynntur sóknaraðilum. Með vísan til þess að frestur til endurupptöku málsins er liðinn telur varnaraðili að hafna beri

öllum kröfum sóknaraðila, sbr. úrskurð kærunefndar frá 12. janúar 2010, í máli nr. 15/2009B.

b) Aðild og kröfugerð

Varnaraðili telur sérstaka ástæðu til þess að vekja athygli nefndarinnar á því að sóknaraðilar að upphaflega kærumálinu eru ekki þeir sömu og að endurupptökumálinu. Í upphaflega málinu voru aðilarnir fimm en nú eru þeir þrír, en ekki er að finna nokkra skýringu á þessari breytingu í bréfi sóknaraðila til nefndarinnar þar sem krafist er endurupptöku málsins.

Varnaraðili byggir á því að kröfugerð sóknaraðila sé verulega óskýr og á köflum beinlínis óskiljanleg. Í fyrrnefndu bréfi til nefndarinnar er kröfugerð í fjórum töluliðum. Í öðrum tölulið er þess krafist að nefndin láti uppi álit sitt á skaðabótaskyldu vegna meintra brota samkvæmt 1.a og 1.b. Varnaraðili getur á engan hátt áttað sig á um hvaða meintu brot ræðir, þar sem fyrsti kröfuliður hefur ekki að geyma neina staflíði.

Þar fyrir utan hafa sóknaraðilar ekki lögvarða hagsmuni af því að kærunefnd láti uppi álit sitt á skaðabótaskyldu þar sem áður hefur verið úrskurðað um skaðabótaskyldu varnaraðila í upphaflega málinu. Álit nefndarinnar var að varnaraðili væri skaðabótaskyldur gagnvart þáverandi sóknaraðilum og verður ekki séð með hvaða hætti sóknaraðilar væru bættari með því að nefndin léti aftur upp álit sitt á skaðabótaskyldu.

Líkt og áður hefur verið rakið er kröfugerð sóknaraðila ekki sú sama og í upphaflega málinu, sem samrýmist á engan hátt skilyrðum 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga um endurupptöku máls. Verði ekki fallist á frávisun málsins frá nefndinni telur varnaraðili að hafna beri kröfu um endurupptöku málsins, með vísan til fyrri umfjöllunar.

c) Skilyrðum ákvæðis 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga um endurupptöku er ekki fullnægt

Af 95. gr. laga um opinber innkaup má ráða að stjórnslulög gilda um endurupptöku mála fyrir kærunefnd. Um endurupptökukröfu sóknaraðila fer því eftir 24. gr. stjórnslulaga. Samkvæmt ákvæðinu er endurupptaka einungis heimil ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Sóknaraðilar hafa á engan hátt rökstutt kröfu sína um endurupptöku með vísan til skilyrða ákvæðis 24. gr. stjórnslulaga, en varnaraðili gengur út frá að krafan lúti að 1. tlf. 1. mgr. ákvæðisins þar sem vikið er að ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

Í ákvæðinu er gert að skilyrði að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Varnaraðili byggir á því að skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt enda liggur ljóst fyrir að hvorki hafa komið fram rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem gætu raskað grunni upphaflega málsins.

Sóknaraðilar telja að fram séu komnar nýjar ástæður og forsendur til þess að samþykkja kröfu sóknaraðila um óvirgni samnings. Telja sóknaraðilar að fram hafi komið upplýsingar sem sýni fram á að Kynnisferðir ehf. hafi í raun boðið fram bifreiðar í flokki IV og þar af leiðandi hafi Kynnisferðir ehf. ekki uppfyllt skilyrði samningskaupagagna og varnaraðila hafi því verið óheimilt að gera rammasamning við félagið um bifreiðar í flokki II. Af því leiðir jafnframt, að varnaraðili hafi ekki verið heimilt að samþykkja framsal Kynnisferða á rammasamningnum til Ný-Tækni ehf., þar sem framsalshafi geti aldrei öðlast betri rétt en sá sem hann leiðir rétt sinn frá.

Varnaraðili telur aftur á móti einsýnt að framangreindar fullyrðingar sóknaraðila eigi ekki við nægileg rök að styðjast, auk þess að sem fyrr sé lagaskilyrðum til þess að úrskurðað verði um óvirgni samnings ekki fullnægt. Varnaraðili mótmælir sérstaklega, sem röngum og ósönnuðum, fullyrðingum sóknaraðila um að varnaraðili hafi gefið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar til kærunefndar eða að varnaraðili hafi látið hjá líða að afhenda nefndinni mikilvægt gögn í málinu. Slíkar ásakanir eiga sér ekki nokkra stoð í raunveruleikanum.

Sóknaraðilar hafa ekki lagt fram nein gögn í málinu sem sýna fram á annað en að Kynnisferðir ehf. hafi boðið fram bifreiðar í flokki II, hjólastólábifreiðar. Líkt og nánar var rakið í greinargerð varnaraðila í upphaflega málinu var um misritun að ræða í rammasamningi við Kynnisferðir ehf. þar sem vilkið er að tegund framboðinna bifreiða. Fyrir mistök kemur fram í samningnum að framboðnar bifreiðar Kynnisferða ehf. séu í flokki IV, 4 farþega, en allt frá upphafi lá ljóst fyrir að framboðnir vagnar voru í flokki II, hjólastólábifreiðar.

Þannig bera gögn málsins með sér að framboðnar bifreiðar Kynnisferða ehf. voru í flokki II. Með tilboðsblaði Kynnisferða ehf. fylgdi gátlisti þar sem fram komu ítarlegar upplýsingar um eiginleika framboðinna bifreiða (fylgiskjal nr.2). Skjalið ber yfirskriftina „Rekstrarvagn af gerð II:Hjólastólábifreið“ og ber efni skjalsins skýrlega með sér að framboðnar bifreiðar Kynnisferða ehf. voru ætlaðar farþegum í hjólastól. Í því sambandi má nefna að bifreiðar í flokki IV falla undir gíldissvið laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar, en Kynnisferðir ehf. starfa eftir lögum nr. 73/2001 um fólks- og farmflutninga. Þegar af þeirri ástæðu hefði aldrei verið mögulegt fyrir Kynnisferðir ehf. að bjóða fram bifreiðar í flokk IV.

Þá kemur bæði fram í tilkynningu til þátttakenda hinn 19. ágúst 2014 (fylgiskjal nr. 3) og endanlegri staðfestingu á aðild að rammasamningi (fylgiskjal nr. 4), að framboðnar bifreiðar Kynnisferða ehf. eru af flokki II, en með staðfestingunni komst á gildur rammasamningur með varnaraðila og Kynnisferðum ehf. á grundvelli tilboðs félagsins um bifreiðar í flokki II og skilmála samningskaupagagna.

Til samræmis við framangreint er sérstaklega tekið fram við framsal rammasamnings Kynnisferða ehf. til Ný-Tækni ehf., að um sé að ræða rammasamning um bifreiðar af gerð II, hjólastólábifreið (fylgiskjal nr. 5).

Fullyrðingar sóknaraðila þess efnis, að framkvæmdastjóri Kynnisferða ehf., hafi staðfest í tölvupósti að framboðnar bifreiðir félagsins hafi verið í flokki IV en ekki II, komu varnaraðila mjög í opna skjöldu, enda eru þær í engu samræmi við staðreyndir málsins. Við nánari skoðun reyndust fullyrðingar sóknaraðila heldur ekki eiga sér nokkra stoð í afriti þeirra tölvupóstsamskipta, sem lögmaður sóknaraðila lagði fram þeim til stuðnings, enda er þar öðru fremur um að ræða eigin fullyrðingar lögmanns sóknaraðila um tilboð og framboðnar bifreiðar Kynnisferða ehf. í kjölfar símtals við framkvæmdastjóra félagsins. Varnaraðili telur útilokað að þær eigi sér nokkra stoð í raunveruleikanum og bendir á að fram komi í tölvupósti framkvæmdastjóra Kynnisferða ehf., dags. 26. nóvember sl., að hann vilji ekki staðfesta þann skilning sem lögmanni sóknaraðila tókst að leggja í símtal þeirra.

Að gefnu tilefni hafði lögmaður varnaraðila samband við framkvæmdastjóra Kynnisferða ehf., sem varð forviðað að heyra af framangreindum fullyrðingum lögmanns sóknaraðila um samskipti þeirra. Við frekari eftirgrennslan lögmanns varnaraðila kom í ljós, að lögmaður sóknaraðila hefur aðeins lagt fram hluta af tölvupóstsamskiptum sínum við framkvæmdastjóra Kynnisferða ehf. Til þess að varpa ljósi á raunveruleg samskipti þeirra eru þau lögð fram í heild sinni af hálfu varnaraðila (fylgiskjal nr. 6). Af þeim fæst ráðið að lögmaður sóknaraðila hefur ítrekað reynt að fá framkvæmdastjórann til þess að staðfesta rangar upplýsingar, þ.e. að Kynnisferðir ehf. hafi boði fram vagna í flokki IV. Það víldi framkvæmdastjóri félagsins ekki gera og vegna mikilla eftirgangsmuna lögmanns sóknaraðila áréttar hann það sérstaklega í tölvupósti, dags. 27. nóvember sl., en þar segir: „Ég staðfesti ekki að við höfum boðið rekstrarvagna í flokki IV svo því sé haldið til haga“.

Krafa sóknaraðila um endurupptöku málsins er því einkum grundvölluð á fullyrðingum þeirra um málsatvik, sem eru ekki einungis rangar og í ósamræmi við gögn málsins, heldur er þeim haldið frammi í málinu gegn betri vitund sóknaraðila, sem hafa beinlínis hagrætt

framlögðum gögnum þannig að samræmist betur málalíbúnaði þeirra fyrir kæruneftndinni. Að mati varnaraðila er um verulega ámælisverða háttsemi að ræða.

Í kröfu sóknaraðila um endurupptöku segir jafnframt, að lögmaður varnaraðila hafi skorast undan því að veita lögmanni sóknaraðila upplýsingar um þær bifreiðar sem Kynnisferðir ehf. buðu fram. Þeirri staðhæfingu er alfarið hafnað af hálfu varnaraðila. Umrædd gögn voru afhent lögmanni sóknaraðila samkvæmt beiðni, þ.e. annars vegar tilboðsblað Kynnisferða ehf. og hins vegar skjal í formi útfyllts gátlista sem fylgdi tilboði þeirra. Líkt og fram kemur í tölvupósti lögmanns varnaraðila skiluðu Kynnisferðir ehf., auk fleiri bjóðenda, svokölluðum gátlista í stað eyðublaðs sem bar heitið „Skrá yfir rekstrarvagna sem fyrirhugað er að nota við þjónustuverkið“. Í raun má segja að fyrrneftnd skrá hafi verið sniðin að umsækjendum sem áttu bifreiðar fyrir eða höfðu augastað á að kaupa ákveðnar bifreiðar sem þeir hugðust nota við þjónustuverkið. Með gátlistanum fengu bjóðendur tækifæri til að lýsa yfir þeim óskum varnaraðila sem þeir ætluðu að verða við. Þar sem gátlistinn er í raun ítarlegra skjal en fyrrneftnd skrá var lítið svo á að bjóðendur hefðu fullnægt upplýsingaskyldu sinni samkvæmt samningskaupagögnum með afhendingu skjalsins.

Varnaraðili bendir sérstaklega á, að sóknaraðilar hafa ekki sýnt fram á hvaða þýðingu það hefur í tengslum við kröfu um endurupptöku málsins að Kynnisferðir ehf., auk tiltekinna annarra bjóðenda, hafi skilað gátlistanum en ekki fyrrneftndri skrá yfir rekstrarvagna. Varnaraðili hafnar því að sú staðreynd geti haft nokkur áhrif við efnislega úrlausn málsins, enda byggðist niðurstaða kæruneftndar í málinu nr. 3/2015 ekki á því að skránni sem slíkrí hafi verið skilað.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið telur varnaraðili ljóst sóknaraðilum hefur ekki á nokkurn hátt tekist að sýna fram á að ákvörðun kæruneftndar í máli 3/2015 hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Skilyrðum endurupptöku samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 24. gr. eru því ekki uppfyllt og þar af leiðandi ber kæruneftnd að hafna beiðni sóknaraðila um endurupptöku málsins.

d) Kröfa um óvirkní á sér ekki stoð í ákvæðum laga um opinber innkaup

Sóknaraðilar gera kröfu um að kæruneftnd taki að nýju afstöðu til og samþykki kröfu fyrrum sóknaraðila um að rammisamningur varnaraðila og Ný-Tækni ehf. verði lýstur óvirkur í samræmi við ákvæði 100. gr. a laga um opinber innkaup, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga.

Í ákvæði 2. mgr. 100. gr. a eru tæmandi talin þau tilvik þar sem kæruneftndinni ber að lýsa samning óvirkan. Þar sem ekkert þeirra tilvika á við í þessu máli á kröfugerð sóknaraðila sér ekki lagastoð. Sem fyrr leitast sóknaraðilar ekki við að færa rök fyrir kröfugerð sinni og því er óljóst á hvaða staflað málsgreinarinnar kröfugerð þeirra er byggð, en ætla má að byggt sé á því að samningurinn hafi verið gerður heimildarlaust án auglýsingar í andstöðu við lög og reglur. Varnaraðili hafnar því að slík staða hafi verið uppi við samningsgerðina, enda veitti varnaraðili samþykki fyrir framsali rammasamningsins á grundvelli skilmála samningskaupagagnanna og rammasamningsins, í fullu samræmi við þau lög og reglur sem um innkaupin gilda og með sama hætti og gagnvart öðrum framseljendum rammasamninga. Varnaraðili vísar til frekari umfjöllunar í greinargerð sinni í upphaflega málinu.

Í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 3/2015 var kröfu um óvirkni samnings hafnað með vísan til þess að ekki yrði litið svo á að gerður hafi verið nýr samningur án undanfarandi lögsmæts innkaupafertis þannig að heimildir til að lýsa samninginn við Ný-Tækni ehf. óvirkan gæti átt við. Varnaraðili byggir á því að engar nýjar upplýsingar hafi verið lagðar fram sem breyti úrskurði nefndarinnar. Líkt og að framan hefur verið rakið er ljóst að niðurstaða nefndarinnar var ekki byggt á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum. Þegar af þeirri ástæðu kemur ekki til álita að haggja niðurstöðu nefndarinnar um að hafna kröfu um óvirkni samnings.

e) Stjórnsýslulög taka ekki til álits kæruneftndar um skaðabótaskyldu

Varnaraðili telur að hafna beri kröfu um endurupptöku málsins er lýtur að því að kæruneftnd láti uppi álit sitt á skaðabótaskyldu varnaraðila. Líkt og áður hefur komið fram hefur nefndin nú þegar komist að þeirri niðurstöðu að varnaraðili sé skaðabótaskyldur og er ekki séð hvaða lögvörðu hagsmunum sóknaraðilar hafa af því að nefndin láti uppi álit um skaðabótaskyldu að nýju.

Þar fyrir utan lét nefndin aðeins uppi álit sitt á skaðabótaskyldu enda hefur nefndin ekki heimild til að kveða á um skaðabótaskyldu með bindandi hætti. Álit nefndarinnar hefur fyrst og fremst þann tilgang að skapa grundvöll fyrir sættir án atbeina dómstóla. Þar sem álit nefndarinnar um skaðabótaskyldu hafa ekki bindandi réttaráhrif teljast þau ekki til stjórnvaldsákvæðana. Stjórnsýslulögin gilda þegar teknar eru stjórnvaldsákvæðanir og eiga lögin því ekki við þegar kæruneftndin lætur í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu. Krafa sóknaraðila um endurupptöku á þeim hluta úrskurðar kæruneftndarinnar, sem varðar álit hennar á skaðabótaskyldu varnaraðila, verður því ekki grundvölluð á 24. gr. stjórnsýslulaga. Þá leiða óskráðar meginreglur stjórnsýsluréttar um endurupptöku ekki til þess að endurupptaka beri mál til þess að láta í ljós óbindandi álit nefndarinnar. Í þessu

sambandi vísar varnaraðili til úrskurðar kærunefndar útboðsmála frá 4. mars 2009, í máli nr. 10/2008B.

Með hliðsjón af framanræktu telur varnaraðili að hafna beri kröfu sóknaraðila um endurupptöku málsins að því er varðar álit kærunefndar á skaðabótaskyldu varnaraðila.

f) Krafa um beitingu stjórnvaldssekta á sér ekki lagastoð

Varnaraðili hafnar kröfu varnaraðila um stjórnvaldssektir á grundvelli 100. gr. d laga um opinber innkaup. Samkvæmt ákvæðinu skal kærunefnd leggja stjórnvaldssektir á kaupanda vegna samnings í þremur tilvikum, þ.e. þegar samningur hefur verið gerður á biðtíma samningsgerðar eða meðan á stöðvun samningsgerðar stóð, en skilyrðum fyrir óvirkni er ekki fullnægt, þegar samningur er ekki lýstur óvirkur frá upphafi eða aðeins að hluta, sbr. 100. gr. a eða þegar óvirkni er hafnað, að hluta eða heild, með vísan til brýnna almannahagsmuna sbr. 100. gr. c. Sem fyrr hafa sóknaraðilar ekki leitast við að færa rök fyrir kröfum sínum og fæst ekki séð á hvaða tilviki sóknaraðilar byggja málatilbúnað sinn. Hvað sem því líður þá telur varnaraðili ljóst að ekkert ofangreindra tilvika í ákvæði 100. gr. d laga um opinber innkaup á við í málinu og beri því að hafna kröfu sóknaraðila um beitingu stjórnvaldssekta.

Ennfremur byggir varnaraðili á því að hafna beri kröfu um beitingu stjórnvaldssekta vegna þess að krafan er ný og getur ekki rúmast innan endurupptökum málsins, sbr. fyrri umfjöllun.

g) Krafa um málskostnað á sér ekki lagastoð

Varnaraðili hafnar því að sóknaraðili geti gert kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðila á grundvelli 3. mgr. 97. gr. laga um opinber innkaup. Þar sem málið lýtur að endurupptökubeiðni er ekki leyst úr því á grundvelli laga um opinber innkaup og því er ekki heimild til þess að ákvarða málskostnað skv. 3. mgr. 97. gr. laganna. Slíka heimild er heildur ekki að finna í stjórnslutölum eða meginreglum stjórnsluréttar og verður því að hafna kröfu sóknaraðila um kærúmálskostnað, sbr. álit kærunefndar frá 4. mars 2009, í máli nr. 10/2008B.

Ef svo ólíklega vill til að kærunefnd fallist á endurupptöku málsins þá vekur varnaraðili athygli á að um innkaup varnaraðila á akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna gilti tilskipun nr. 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast

vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstpjónustu (veitutilskipunin), sbr. reglugerð nr. 755/2007 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti. Í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 3/2015 vísaði nefndin til ákvæða laga um opinber innkaup sem eiga ekki við um innkaup varnaraðila nema að takmörkuðu leyti.

Að öðru leyti vísar varnaraðili til fyrri umfjöllunar og greinargerðar sinnar í málinu nr. 3/2015. Þá áskilur varnaraðili sér rétt til að leggja fram frekari gögn, ef tilefni þykir til eða óskað er eftir, á síðari stigum.

Óskað er eftir að tilkynningar, ákvarðanir og úrskurðir verði sendir undirritaðri með rafpósti á netfangið: linda@advel.is

Virðingarfyllst,
f.h. varnaraðila,

Linda Fanney Valgeirsd.
Linda Fanney Valgeirsdóttir hdl.
f.h. Guðmundar Siemsen hdl.

Fylgiskjöl:

- Nr. 1 Greinargerð varnaraðila í máli nr. 3/2015.
- Nr. 2 Tilboðsblað Kynnisferða ehf. og gáttísti.
- Nr. 3 Tilkynning þátttakenda í samningskaupum nr. 13261, dags. 19. ágúst 2014.
- Nr. 4 Endanleg staðfesting á aðild að samningi, dags. 1. september 2014.
- Nr. 5 Samningur um yfirtöku Ný-Tækni ehf. á samningsskyldum Kynnisferða ehf., dags. 11. febrúar 2015.
- Nr. 6 Tölvupóstsamskipti framkvæmdastjóra Kynnisferða ehf. og lögmanns sóknaraðila.

Kærunefnd útboðsmála
Arnarhváli
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2015

Greinargerð Strætó bs. vegna kæru á samþykkt á framsali rammisamnings

Strætó bs. (varnaraðili) hefur falið undirrituðum lögmanni að gæta hagsmuna byggðasamlagsins vegna framkominnar kæru Efsta Hóls ehf., All Iceland Tours ehf., Björns Páls Angantýssonar, Aldeyjar ehf. og Ferðaglaðs ehf. í tengslum við B-hluta samningskaupa um tilfallandi akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna, sbr. samningskaupagögn nr. 13261.

Kærumálgögn voru send undirrituðum með rafrænum hætti hinn 26. mars sl. Með bréfi kærunefndarinnar var varnaraðila veittur frestur til þess að skila athugasemdum og viðeigandi fylgigögnum til kærunefndarinnar til mánudagsins 13. apríl nk.

Kröfugerð

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum kæranda verði vísað frá kærunefndinni, en til vara að öllum kröfum kæranda í málinu verði hafnað.

Í báðum tilvikum gerir varnaraðili kröfu um að kærunefnd útboðsmála úrskurði kæranda til að greiða málskostnað, sbr. 3. mgr. 97. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Málsatvik

Síðastliðið sumar óskaði Innkaupadeild Reykjavíkurborgar f.h. byggðasamlagsins Strætó bs. eftir áhugasömum aðilum til þess að taka þátt í innkaupaferli um þjónustuna „Akstursþjónusta fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna“, sbr. nánar samningskaupagögn nr. 13261. Þjónustuverkefnið fól í sér að annast akstur á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2015-2019 fyrir Strætó bs. í samræmi við samkomulag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks, dags. 19. maí 2014.

Að gefnu tilefni er athygli kærunefndarinnar vakin á því að kærinni er beint jafnt að varnaraðila og Innkaupadeild Reykjavíkurborgar, sem hafði umsjón með innkaupaferlinu samkvæmt grein 0.1.4.2 í samningskaupagögnum. Innkaupadeild Reykjavíkurborgar er

ekki miðlæg innkaupastofnun í skilningi laga nr. 84/2007 um opinber innkaup og getur hún því ekki átt aðild að kærumáli þessu á grundvelli 1. mgr. 94. gr. laganna. Varnaraðili er aftur á móti hinn eiginlegi kaupandi þjónustunnar í skilningi 2. og 5. gr. tilskipunar nr. 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu (veitutilskipunin), sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 755/2007 og 7. gr. laga um opinber innkaup, en samningskaupin fóru fram á grundvelli tilskipunarinnar.

Afhending samningskaupagagna fór fram hinn 10. júní 2014. Samkvæmt samningskaupalýsingu var samningskaupunum skipt í tvo hluta, annars vegar samningskaupahluta A um innkaup á reglubundinni akstursþjónustu, og hins vegar samningskaupahluta B um innkaup á tilfallandi þjónustu. Kæruefni einskorðast við samningskaupahluta B og mun umfjöllun í greinargerð þessari því einskorðast við þann hluta samningskaupanna, en sérstök samningskaupalýsing og skilmálar voru gefin út um þann hluta þjónustunnar. Samningskaupahluti B var samkvæmt samningskaupagögnum afmarkaður við tilfallandi akstursþjónustu og gert var ráð fyrir að innkaupaferlinu loknu yrðu gerðir rammasamningar um slíka þjónustu við tiltekinn fjölda akstursaðila sem uppfylltu hæfniskröfur. Samningskaupagögnin gera því ekki ráð fyrir innkaupum á tilteknu magni akstursstunda, heldur aðeins tilfallandi kaupum á þjónustu af einum eða fleiri rammasamningshöfum eftir atvikum. Innkaupaferlinu er nánar lýst í gr. 0.1.6 í samningskaupagögnum.

Umsækjendur skyldu uppfylla kröfur laga nr. 73/2001 um fólks- og farmflutninga ásamt reglugerð nr. 528/2002 um fólksflutninga á landi og/eða kröfur laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar ásamt reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar. Umsókn um þátttöku skyldi skila á þar til gerðum umsóknareyðublöðum, auk viðeigandi fylgigagna, sbr. nánar greinar 0.2.1 og 0.2.2 í samningskaupagögnum.

Í grein 0.2.7 í samningskaupagögnum voru jafnframt gerðar sérstakar kröfur til hæfni og reynslu umsækjenda, auk krafna um fjárhagslegt hæfi. Til að unnt yrði að meta hæfi umsækjenda til að taka þátt í samningskaupunum var sérstaklega óskað eftir ítarlegum upplýsingum um fyrirtæki umsækjanda og reynslu þess af sambærilegri akstursþjónustu. Gerð var krafa um að umsækjandi, eigendur eða starfsmenn, uppfylltu skilyrði um a.m.k. þriggja ára samfellda reynslu á síðastliðnum 10 árum af sambærilegri akstursþjónustu í tengslum við leyfisbundna fólksflutninga og/eða leigubifreiðaakstur. Heimilt var að taka tillit til reynslu eigenda, stjórnenda og lykilstarfsmanna og leggja slíka reynslu að jöfnu við reynslu umsækjandans sjálfs, þó reynslan hafi áunnist hjá öðru fyrirtæki.

Þá voru jafnframt gerðar kröfur um fjárhagslegt sjálfstæði umsækjenda, s.s. skil á opinberum gjöldum og lífeyrissjóðsiðgjöldum auk jákvæðrar eiginfjárstöðu, sbr. nánar grein 0.2.7 í samningskaupagögnum.

Umsækjendur sem skiluðu umsókn í samræmi við skilmála samningskaupagagnanna og uppfylltu framangreind hæfisskilyrði greinar 0.2.7 komust áfram og var gefinn kostur á þátttöku í næsta stigi samningskaupafertisins. Vegin heildareinkunn réð síðan því hvaða umsækjendum var boðin aðild að rammasamningi, en í gr. 0.2.9 samningskaupagagnanna er nánar fjallað um mat á tillögum og verðtilboði umsækjenda og einkunnagjöf þeirra.

Hinn 19. ágúst 2014 sendi Innkaupadeild Reykjavíkurborgar f.h. varnaraðila tilkynningu um niðurstöðu einkunnagjafarinnar til þeirra þátttakenda samningskaupanna, sem skiluðu inn endanlegum lausnum og verðtilboði (fylgiskjal nr. 1).

Hinn 1. september 2014 fengu þátttakendur endanlega staðfestingu um aðild að samningi vegna B-hluta samningskaupanna og komst með því á bindandi samningur við hlutaðeigandi aðila á grundvelli samningskaupagagnanna og tilboða þeirra (fylgiskjal nr. 2). Að gefnu tilefni er athygli kærunefndarinnar vakin á því að kærendurnir Efsti Hóll ehf. og Aldey ehf. voru ekki meðal þeirra, en félögin urðu handhafar rammasamninga um akstursþjónustuna á grundvelli framsals upphaflegra samningsaðila.

Innkaupafertli varnaraðila samkvæmt samningskaupagögnunum lauk því endanlega með framangreindri tilkynningu til rammasamningshafa, sem skyldu þegar hefja undirbúning akstursþjónustunnar. Akstur rekstrarvagna á vegum rammasamningshafa hófst að morgni 1. janúar sl. og mun ljúka að kvöldi 31. desember 2019, komi ekki til framlengingar samningstímans.

Í síðastliðnum janúar óskuðu Kynnisferðir ehf., sem voru meðal rammasamningshafa, eftir samþykki Strætó bs. fyrir því að fyrirtækið framseldi samningsskuldbindingar sínar samkvæmt rammasamningi í B-hluta samningskaupa nr. 13261, dags. 26. október 2014, en gert er ráð fyrir að slíkt framsal geti átt sér stað samkvæmt ákvæði 2. mgr. greinar 0.3.11 samningskaupagagnanna, sem eru hluti af rammasamningum um þjónustuna. Í erindi Kynnisferða ehf. til varnaraðila var upplýst að tveir aðilar hefðu áhuga á að taka við rammasamningnum, annars vegar Bifreiðastöðin Hreyfill-Bæjarleiðir og hins vegar Ný-Tækni ehf., en bifreiðastöðin lýsti sig síðar fráhverfa yfirtöku rammasamningsins.

Krafði varnaraðili því fyrirhugaðan framsalshafa, Ný-Tækni ehf., um öll viðeigandi gögn á grundvelli samningskaupalýsingarinnar, svo ganga mætti úr skugga um að fyrirtækið fullnægði kröfum hennar til að annast akstursþjónustuna (fylgiskjal nr. 3). Rétt er að áréttta sérstaklega að í mati varnaraðila á hæfi framsalshafa felst ekki að innkaupafertlið

rakni við, enda gerir framsalsheimild samningskaupalýsingarinnar og rammasamninganna ráð fyrir að framsalshafi taki yfir allar samningsskuldbindingar framseljanda, þ.m.t. um endanlega útfærslu þjónustunnar og verð á einstökum greiðsluliðum.

Varnaraðili fól ráðgjafa sínum við gerð samningskaupagagnanna, VSÓ Ráðgjöf, að meta hæfi Ný-Tækni ehf. samkvæmt grein 0.2.7 í samningskaupagögnum, með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem félagið lagði fram (fylgiskjal nr. 4). Niðurstaða þess mats var að félagið teldist hæfur samningsaðili samkvæmt samningskaupagögnunum, enda væru uppfyllt skilyrði um skil á opinberum gjöldum og lífeyrissjóðsiðgjöldum, jákvætt eigið fé samkvæmt ársreikningi, búsföræði og hæfni og reynslu eigenda (fylgiskjal nr. 5).

Varnaraðili taldi framangreint mat eiga við fullnægjandi rök að styðjast og var Kynnisferðum ehf. því gert viðvart um samþykki byggðasamlagsins á framsali Kynnisferða ehf. á samningsskyldum sínum til Ný-Tækni ehf. (fylgiskjal nr. 6). Jafnframt var óskað eftir því að fulltrúar beggja fyrirtækja undirrituðu nýjan samning til staðfestingar á aðilaskiptum að samningnum.

Samningur um yfirtöku Ný-Tækni ehf. á samningsskyldum Kynnisferða ehf. samkvæmt rammasamningi hins síðarnefnda við varnaraðila um tilfallandi akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna var undirritaður hinn 11. febrúar 2015, með vísan til fyrrnefndrar heimildar í grein 0.3.11 í samningskaupagögnum nr. 13261 (fylgiskjal nr. 7).

Ný-Tækni ehf. hefur með því tekið við samningsskyldum Kynnisferða ehf. og annast þann tilfallandi akstur sem varnaraðili felur fyrirtækinu hverju sinni á grundvelli rammasamningsins. Samkvæmt samningnum skal þjónustan að öllu leyti innt af hendi samkvæmt sömu skilmálum og giltu um þjónustu Kynnisferða ehf.

Með bréfi lögmanns kæranda, dags. 16. mars sl., var óskað eftir upplýsingum varnaraðila um framangreint framsal Kynnisferða ehf. á samningsskyldum fyrirtækisins samkvæmt rammasamningnum til Ný-Tækni ehf. Áður en varnaraðila hafði gefist ráðrúm til að svara fyrirspurn kæranda hófu þeir kærumál þetta og er fyrirspurnum kæranda því svarað í greinargerð varnaraðila til kærunefndarinnar.

Málsástæður

1. Krafa um frávísun

Samkvæmt 1. mgr. 94. gr. laga nr. 84/2007 laga um opinber innkaup skal kæra borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða

mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.

Kærendur virðast ranglega byggja á því að frestur þeirra til að bera kærana undir kærunefnd útboðsmála beri að miða við hinn 12. mars sl., en þá munu þeir að eigin sögn hafa fengið upplýsingar um framsal Kynnisferða ehf. á samningsskyldum sínum samkvæmt rammasamningi fyrirtækisins til Ný-Tækni ehf. Varnaraðili bendir aftur á móti á þá staðreynd, að einn kæranda hafði fengið vitneskju um samþykkt varnaraðila á framsali Kynnisferða ehf. á samningnum til Ný-Tækni ehf. hinn 12. febrúar sl., en þá upplýsti sviðsstjóri akstursþjónustu varnaraðila hlutaðeigandi um framsal samningsins (fylgiskjal nr. 8). Í því samhengi skal tekið fram að vitneskja eins kæranda hlýtur að jafngilda vitneskju þeirra allra, enda kæra þeir málið í sameiningu.

Hvað sem því líður má ráða af gögnum málsins, að kærendum var fullkunnugt um skilmála samningskaupagagnanna, þ.m.t. heimild í grein 0.3.11 til framsals rammasamningshafa á samningsskuldbindingum sínum til annars aðila, að fengnu skriflegu samþykki varnaraðila, allt frá móttöku samningskaupagagnanna sem afhent voru umsækjendum hinn 10. júní 2014. Af hálfu varnaraðila er áhersla lögð á að í tilvitnaðri grein samningskaupagagnanna er framsal samningsskuldbindinga heimilað til ótiltekins „annars aðila“ að fengnu samþykki varnaraðila, og er heimildin því á engan hátt einskorðuð við þá aðila sem þegar höfðu farið í gegnum samningskaupaferlið og uppfyllt öll skilyrði eins og haldið er fram af hálfu kæranda.

Þá telur varnaraðili einsýnt að fullyrðing kæranda þess efnis að aðeins megi framselja rammasamninga til annarra rammasamningshafa sé sett fram gegn betri vitund kæranda. Bendir varnaraðili á að tveir kæranda, Efsti Hóll ehf. og Aldey ehf., eru handhafar rammasamninga á grundvelli framsals frá upphaflegum þátttakendum í samningskaupaferlinu og handhöfum rammasamninga á grundvelli tilkynningar um endanlega aðild að B-hluta samningskaupanna (fylgiskjal nr. 2). Þá verður einnig að telja það athyglisvert að Haraldur Örn Arnarsson, einn rammasamningshafa, óskaði eftir samþykki varnaraðila á framsali rammasamnings til Ferðaglaðs ehf., sem er ekki rammasamningshafi en er meðal upphaflegra kæranda í máli þessu, en var synjað þar sem Ferðaglaður ehf. fullnægði ekki kröfum samningskaupagagnanna.

Telji kærendur framangreinda heimild rammasamningshafa til framsals samningsskuldbindinga sinna til ótilgreinds þriðja aðila brjóti með einhverjum hætti gegn réttindum þeirra hefðu þeir átt að bera kæru skriflega undir kærunefndina innan 20 daga frá afhendingu samningskaupagagnanna. Kæra í málinu var aftur á móti ekki móttækin af kærunefndinni fyrr en hinn 25. mars sl., að liðnum kærufresti samkvæmt 1. mgr. 94. gr. laga um opinber innkaup. Telur varnaraðili því einsýnt að vísa beri kærurni frá kærunefnd útboðsmála.

2. Krafa um að öllum kröfum kæranda verði hafnað

Til stuðnings þeirri kröfu varnaraðila að öllum kröfum kæranda í málinu verði hafnað er einkum vísað til þeirrar staðreyndar að innkaupaferli varnaraðila lauk með tilkynningu um samningsaðild til tiltekinna þátttakenda í samningskaupunum og gerð formlegra rammasamninga síðastiðin haust. Sú ákvörðun varnaraðila, að heimila framsal Kynnisferða ehf. á rammasamningi fyrirtækisins til þriðja aðila, sé því ekki hluti af innkaupaferlinu sem slíku og samningskaupaferlinu því óviðkomandi með öllu. Framsal samningsskuldbindinganna sé aðeins ákvörðun um framkvæmd rammasamnings sem þegar hefur tekist með aðilum, sem eigi sér fulla stoð í samningskaupagögnum og rammasamningnum sjálfum, en engar skordur séu settar við slíku framsali í þeim lögum og reglum sem gilda um innkaup varnaraðila.

Þá hafnar varnaraðili alfarið sem rangri fullyrðingu kæranda þess efnis að lög um opinber innkaup hafi verið brotin með margvíslegum hætti við hina kærðu ákvörðun, en verulega skortir raunar á að kærundur færi fullnægjandi rök fyrir þeirri henni.

Varnaraðili bendir á að skilmálar samningskaupagagnanna heimili einstökum rammasamningshöfum að framselja samningsskyldur sínar, að fengnu samþykki varnaraðila, sbr. ákvæði greinar 0.3.11. Óljóst er á hverju kærundur byggja staðhæfingu sína um að aðeins megi heimila slíkt framsal til þeirra sem „þegar höfðu farið í gegnum samningskaupaferlið og uppfyllt öll skilyrði samningskaupanna“, en hún á sér enga stoð í tilvitnuðu ákvæði samningskaupagagnanna.

Hið sama á við um fullyrðingu kæranda um að nýtt útboð hafi átt að fara fram eftir að Kynnisferðir ehf. óskuðu eftir samþykki varnaraðila á framsali rammasamningsins til nýs akstursaðila, en þær eiga hvorki stoð í skilmálum samningskaupanna, né þeim lögum og reglum sem um innkaup varnaraðila gilda.

Þá áréttar varnaraðili að umrædd innkaup eru framkvæmd á grundvelli tilskipunar nr. 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu (veitutilskipunin), sbr. 3.-7. gr. þeirrar tilskipunar og 1. mgr. 7. gr. laga um opinber innkaup. Veitutilskipunin gífdir því um hin kærðu innkaup, en ekki ákvæði laga um opinber innkaup nr. 84/2007, að frátöldum ákvæðum XIV. og XV. kafla laganna, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. Allt að einu sé því ljóst að kærundur geti ekki grundvallað kröfugerð sína í málinu á tilvísun til 32. og 34. gr. laga um opinber innkaup.

Varnaraðili hafnar að sama skapi fullyrðingu kæranda þess efnis að Ný-Tækni ehf. hafi ekki þurft að uppfylla sömu skilyrði og skilmála og þátttakendur í samningskaupaferlinu. Hið rétta er að óskað var eftir öllum viðeigandi gögnum og upplýsingum frá fyrirtækinu áður en afstaða var tekin til þess hvort verða ætti við beiðni Kynnisferða ehf. um framsal

á rammasamningnum til þess. Lagt var mat á hæfi fyrirtækisins til að sinna akstursþjónustunni með sama hætti og við mat á hæfi umsækjenda í samningskaupafcerlinu, sbr. greinar 0.2.7 og 0.2.8 í samningskaupagögnunum. Fyrirtækið var metið hæft og því hafi verið fallist á beiðni um samþykki varnaraðila fyrir framsali rammasamningsins.

Bent er á að ekkert hafi komið fram í málinu sem rennt getur stoðum undir það sjónarmið kæranda, að samþykki varnaraðila á framsali rammasamningsins muni á einhvern hátt leiða til þess að gæði og framkvæmd akstursþjónustunnar verði ekki með þeim hætti sem samningskaupagögn og samningar við aðra rammasamningshafa gera ráð fyrir, þaðan af síður að varnaraðili komi til með að tapa verulegum fjármunum vegna þessa. Varnaraðili bendir á að framsalshafi hafi fullnægt sömu hæfisskilyrðum og aðrir rammasamningshafar og hafi skuldbundið sig til þess að sinna akstursþjónustunni á grundvelli sömu samningskilmála og Kynnisferðir ehf., sem áttu næst lægsta verðtilboð í akstursþjónustuna. Áframhaldandi framkvæmd rammasamningsins ætti því öðru fremur að leiða til aukinnar hagkvæmni í rekstri varnaraðila.

Varnaraðili hafnar sérstaklega kröfu kæranda um að kærunefndin lýsi óvirkan samning um yfirtöku Ný-Tækni ehf. á samningsskyldum Kynnisferða ehf. samkvæmt rammasamningi um akstursþjónustuna. Í 2. mgr. 100. gr. a laga nr. 84/2007 um opinber innkaup eru tæmandi talin þau tilvik þar sem kærunefndinni ber að lýsa samning óvirkan. Ekkert þeirra tilvika á við í málinu og á kröfugerð kæranda sér því ekki fullnægjandi lagastoð. Kærendur færa ekki viðhíftandi rök fyrir kröfugerð sinni og því óljóst á hvaða staflið málsgreinarinnar kröfugerð þeirra er byggð, en gera má ráð fyrir að byggt sé á því að samningurinn hafi verið gerður heimildarlaust án auglýsingar í andstöðu við lög og reglur. Hið rétta er aftur á móti að varnaraðili veitti samþykki fyrir framsali rammasamningsins á grundvelli skilmála samningskaupagagnanna og rammasamningsins, í fullu samræmi við þau lög og reglur sem um innkaupin gilda og með sama hætti og gagnvart öðrum framseljendum rammasamninga, þ.m.t. hluta kæranda.

Hið sama á við um kröfugerð kæranda um að kærunefndin beini því til varnaraðila að halda örútbod meðal annarra rammasamningshafa eða bjóða ella rammasamninginn út að nýju. Engin fullnægjandi rök eru færð fram af hálfu kæranda fyrir kröfugerðinni, en varnaraðili telur ljóst að hún eigi heldur ekki við nokkur rök að styðjast. Varnaraðili bendir á að krafa um örútbod meðal rammasamningshafa verður ekki reist á ákvæðum 34. gr. laga um opinber innkaup eins og að framan er rakið. Þá sé heimild til framsals rammasamninga skýr í samningskaupagögnum og einstökum rammasamningum, auk þess sem engin skylda hvíli á varnaraðila til að efna til nýs útboðs þótt einstakir

rammasamningshafar gangi úr skaftinu, enda um að ræða rammasamninga um kaup á tilfallandi akstursþjónustu og þar með ótilteknum fjölda akstursstunda á samningstímanum en ekki tiltekinn verkhluta sem bjóða verði út að nýju.

Varnaraðili telur fullljóst að umþrætt ákvörðun um val á tilboði hafi verið í fullu samræmi við ákvæði og forsendur samningskaupalýsingar auk þess sem ljóst sé að nýr handhafi rammasamnings hafi sannanlega uppfyllt öll skilyrði útboðslýsingarinnar. Engin efni standi því til þess að fella úr gildi samþykki varnaraðila á því að aðilaskipti yrðu að rammasamningi Kynnisferða. Beri því að hafna öllum kröfum kæranda í málinu.

Með vísan til framangreinds er kröfu kæranda um að kærunefndin láti uppi álit sitt á skaðabótaskyldu varnaraðila gagnvart kæranda jafnframt hafnað. Í því sambandi áréttar varnaraðili sérstaklega að um er að ræða rammasamning um innkaup á tilfallandi akstursþjónustu. Ekki sé samið um innkaup á tilteknum fjölda akstursstunda, heldur aðeins gert ráð fyrir að kaupa megi þjónustu af rammasamningshöfum á gildistíma samninganna samkvæmt skilmálum hvers samnings um sig. Framsal á einstökum rammasamningum með sömu samningsskilmálum sé því ekki til þess fallið að hafa nokkur áhrif á viðskipti annarra rammasamningshafa á samningstímanum. Þá telur varnaraðili að meintir möguleikar kæranda á að taka yfir rammasamning Kynnisferða ehf. hafi enga þýðingu við mat á hugsanlegri skaðabótaskyldu varnaraðila enda felur framsalshæimild skilmálanna ekki í sér neina skyldu til að leita til annarra rammasamningshafa umfram aðra aðila á markaði.

Varnaraðili gerir kröfu um að kærunefnd úrskurði kæranda til að greiða málskostnað sem rennur í ríkissjóð, sbr. 3. mgr. 97. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup. Skilyrði þess að nefndin geti ákveðið að kærandi greiði fyrrgreindan málskostað eru þau að kæran sé bersýnilega tilefnislaus eða höfð uppí í þeim tilgangi að hefja fyrir framgangi opinberra innkaupa. Varnaraðili telur að fyrra skilyrðinu sé uppfyllt. Kæra málsins byggir einkum á tveimur sjónarmiðum, annars vegar því að varnaraðila sé óheimilt að heimila framsal rammasamningsins og hins vegar að nýr samningsaðili uppfylli ekki skilyrði útboðslýsingarinnar. Hvað fyrra atriðið varðar þá byggir varnaraðili á því að kærendum mátti vera fullljóst, að varnaraðili gæti heimilað aðilaskipti að rammasamningum á samningstímanum, enda er þess skýrlega getið í ákvæðum útboðslýsingarinnar, gr. 0.3.11, auk þess sem slíkt framsal samningsskuðbindinga átti sér stað til tveggja kæranda í máli þessu. Þá er jafn ljóst að frestur kæranda til þess að kæra lögmaeti skilmála í samningskaupagögnum er löngu liðinn. Hvað hið síðara atriði varðar þá byggir varnaraðili á því að kærundur hafi í engu fullnægt þeim lágmarksskilyrðum sem gera verður til þeirra um rökstuðning fyrir fullyrðingum um að nýr samningsaðili fullnægi ekki hæfisskilyrðum samningskaupalýsingarinnar. Með vísan til ofangreinds telur varnaraðili

að kröfur kæranda séu bersýnilega tilefnislausar. Beri nefndinni því að úrskurða kærendur til þess að greiða málskostnað, sbr. 3. mgr. 97. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Þess ber að geta að með tölvuskeyti frá Haraldi Erni Arnarssyni, fyrirsvarsmanni Ferðaglaðs ehf., dags. 30. mars sl., var varnaraðili upplýstur um að fallið væri frá kæru til kærunefndarinnar af hálfu Ferðaglaðs ehf. Í því samhengi skal áréttað að Ferðaglaður ehf. er ekki rammasamningshafi og að hafnað var beiðni Haraldar Arnar Arnarssonar um framsal á samningssskuldbindingum hans til Ferðaglaðs.

Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn, ef tilefni þykir til eða óskað er eftir, á síðari stigum.

Óskað er eftir að tilkynningar, ákvarðanir og úrskurðir verði sendir undirrituðum með rafpósti á netfangið: gudmundur@advel.is

Virðingarfyllt,
f.h. varnaraðila,

f.h. Hrafnhildur Kristinud.
Guðmundur Siemsen hdl.

Fylgiskjöl:

- Nr. 1 Tilkynning þátttakenda í samningskaupum nr. 13261, dags. 19. ágúst 2014.
- Nr. 2 Endanleg staðfesting á aðild að samningi vegna hluta B, dags. 1. september 2014.
- Nr. 3 Beiðni um upplýsingagjöf Ný-Tækni ehf., dags. 29. janúar 2015.
- Nr. 4 Gögn frá Ný-Tækni ehf.
- Nr. 5 Minnisblað VSÓ Ráðgjafar, dags. 3. febrúar 2015.
- Nr. 6 Tilkynning varnaraðila um samþykkt á framsali rammasamnings, dags. 10. febrúar 2015.
- Nr. 7 Samningur um yfirtöku Ný-Tækni ehf. á samningsskyldum Kynnisferða ehf. samkvæmt rammasamningi um tiffallandi akstursþjónustu, dags. 11. febrúar 2015.
- Nr. 8 Tölvuskeyti sviðsstjóra akstursþjónustu varnaraðila, dags. 12. febrúar 2015.



Endanlegar lausnir og verðtilboð Hluti B ✓

Athugið: Fylla skal út eitt eyðublað fyrir hvern rekstrarvagn eða tegund rekstrarvagn ásamt fjölda rekstrarvagna sem þátttakandi býður fram til verksins

Almennar upplýsingar um valdan þátttakanda::

Nafn fyrirtækis : Kynnisferðir
Heimilisfang : Vesturvör 34
Sími : 5805400 / 7799201
Tölvupóstur : ulfarm@re.is
Tengiliður : Úlfar Þór Marinósson
Ábyrgðarmaður : kristján Danielsson

Upplýsingar um rekstrarvagn og fjölda:

Valin þátttakandi gefur hér með verðtilboð í eftirfarandi gerð rekstrarvagns og fjölda:

Gerð rekstrarvagns Nýlegir fólkubílar
Fjöldi rekstrarvagna 1.-20

Fylgigögn með verðtilboði:

- Tíma og verkáætlun
- Þjónusta við fatlaða einstaklinga
-
-
-
-
-
-

Verðtilboð þátttakanda:

Tilboðsliður A	<u>6.928</u>	kr./kist.
Tilboðsliður B	<u>9.087</u>	kr./kist.
Tilboðsliður C	<u>10.524</u>	kr./kist.

Meðalverð samkvæmt jöfnu í grein 0.2.9 í samningskaupagögnum: 8.301 kr./kist. ✓

Á opnunarfundi verður ofangreint meðalverð lesið upp.

Undirskrift :

Undirritaður staðfestir með undirritun sinni að verðtilboð þetta er byggt á upplýsingum sem fram koma í samningskaupagögnum nr. 13261, dags. júní 2014 og fylgigögnum þeirra ásamt fundargerð frá samningskaupaviðræðum.

Dagsetning : 22. júní 2014
Undirskrift : Kristján D.

Rekstrarvagn af gerð II: Hjólastólabílféld

Tilvisun í gólu skjali	Krafa Ósk Val	Atriði	Lýsing á ofnl	Afhugasomdir
1.1	Ósk	Hurðir	Allar hurðir fyrir farþega þurfa að haldast opnar á meðan farþegar eru að fara inn og út úr vagn.	Já
1.1	Ósk	Hurðir	Æskilegt er að kantur við inn- og útgöngu skal merkja sérstaklega með lit sem sker sig frá umhverfinu þannig að sjónskertir elgi auðveldara með að ganga um rekstrarvagn.	Já
1.2	Krafa	Gólf	Gólf skal vera með skriðöruggu yfirborði sem ekki er hægt að fjarlægja.	
1.2	Krafa	Gólf	Allar hæðarbreytingar á gólf eins og tröppur skulu vera merktar sérstaklega með lit sem sker sig frá umhverfinu.	
1.3	Krafa	Sæti	Öll sæti skulu snúa í akstursstefnu.	
1.3	Krafa	Sæti	Aðgönglað öllum sætum skal vera auðvelt.	
1.3	Krafa	Sæti	Sæti skulu vera vönduð, hægileg og bólstruð af framleiðanda.	Já
1.3	Ósk	Sæti	Sæti þurfa að vera bólstruð með tauáklæði.	
1.3	Krafa	Sæti	Sæti skal vera með háu bak og hnekkpúða sem styður við höfuð.	
1.3	Krafa	Sæti	Litur áklæðis og litur á gólfafni skal vera ólíkur.	Já
1.3	Krafa	Sæti	Æskilegt er að sæti við miðgang séu með örmum sem hægt er að fella niður.	það
1.3	Ósk	Sæti	Æskilegt er að sæti við miðgang séu með handlögnum við höfuðpúða.	það
1.3	Ósk	Sæti	Bili milli sæta skal vera að lágmarki 700mm.	Já
1.3	Krafa	Sæti	Æskilegt er að bili milli sæta sé meira en 750mm á sum flestum sætum.	Já
1.4	Krafa	Hjólastóll	Hjólastóll skal vera hægt að festa í fjórnum hornum.	
1.4	Krafa	Hjólastóll	Í hverju hjólastólarými skulu vera festingar sem eru niðurfelldar í gólf.	
1.4	Krafa	Hjólastóll	Tvær festingar skulu vera aftan við hvorn hjólastól og að minnsta kosti ein fyrir framan.	Já
1.4	Ósk	Hjólastóll	Mælist er til þess að festingarnar að framan séu tvær.	
1.4	Krafa	Hjólastóll	Ef notuð er ein festing að framan skal hún vera fyrir miðju að framan.	
1.4	Krafa	Hjólastóll	Bili milli festinga skal vera sem næst breidd hjólastóls.	
1.4	Krafa	Hjólastóll	Allir vagnar sem skráðir eru fyrir hjólastól skulu vera með bakstuðningi og höfuðpúða fyrir hreyfihamlaða farþega sem fluttir eru í hjólastólum.	
1.4	Krafa	Hjólastóll	Allir vagnar sem skráðir eru fyrir tvoimur eða fleirum hjólastólum skulu vera með bakstuðningi og höfuðpúða fyrir a.m.k. tvo hreyfihamlaða farþega sem fluttir eru í hjólastólum.	
1.4	Krafa	Hjólastóll	Hjólastól skal snúa fram eða aftur, óheimilt er að snúa honum á hlið eða á ská.	
1.5	Krafa	Bilbælti	Öll sæti skulu vera útbúin þriggja punkta bilbæltum.	
1.5	Krafa	Bilbælti	Allir rekstrarvagnar sem skráðir eru fyrir hjólastól skulu vera með a.m.k. þriggja festu öryggisbælti fyrir farþega í hjólastól eða annar öryggisbúnað sem hæfir flutningi hins hreyfihamlaða.	
1.5	Krafa	Bilbælti	Öryggisbælti skulu fest við yfirbyggingu rekstrarvagns eða með festingum tengdum yfirbyggingu.	
1.5	Ósk	Bilbælti	Öryggisbælti fyrir farþega í hjólastól þarf að vera í stillanlegri hæð.	Já
1.5	Krafa	Bilbælti	Öryggisbælti skal notað á meðan á akstri stendur.	
1.5	Krafa	Bilbælti	Laus öryggisbælti til framlengingar fastra öryggisbælti skulu vera til staðar.	
1.6	Krafa	Rampur	Ef hæð frá jörðu og upp í gólf vagns er meiri en 100mm þá skal vagn vera útbúinn með ramp eða lyftupalli fyrir hjólastól.	
1.6	Krafa	Rampur	Rampur skal vera í heilu lagi.	ekki hægt í rampur sem er 280 halli ca 20-22%
1.6	Ósk	Rampur	Halli þarf að vera undir 15%.	Já
1.6	Ósk	Rampur	Breidd ramps þarf að vera a.m.k. 800mm.	Já
1.6	Ósk	Rampur	Brúnir hliða þurfa að vera a.m.k. 30mm háar.	Já
1.6	Ósk	Rampur	Rampur þarf að vera sem stytstur þannig að meðferð hans sé þægileg og hann nýttist þjónustunni sem best.	Já
1.6	Ósk	Rampur	Gera má ráð fyrir að vagn þurfi að geta lækkað sig með loftfjöðrun og hneigingarbúnaði eða vera í laggólfstöðfærslu til að geta uppfyllt ofangreindar þarfir varðandi ramp.	þetta er í skoðun og verið að hanna lausn
1.6	Ósk	Lyftupallur	Lyftupallur þarf að vera a.m.k. 800mm breiddur og a.m.k. 1.000mm langur.	Já
1.6	Ósk	Lyftupallur	Á lyftupalli þarf að vera útafaksturshindran og búnaður sem varnar því að hjólastóll gati runnið út af pallinum.	Já
1.6	Ósk	Lyftupallur	Lyftupallur þarf að geta lyft a.m.k. 300 kg.	Já
1.6	Krafa	Lyftupallur	Yfirborð ramps og lyftupalls skal vera skriðöruggt bæði í burru og votu veðri.	Já
1.7	Ósk	Geymslurými	Vagn þarf að vera með geymslurými þannig hægt sé að geyma útbúnað og handförungrar á öruggan og þægilegan hátt.	Já
1.8	Ósk	Handföng	Í vagni þurfa að vera handföng beggja vegna við inn- og útgöngu og þau þurfa að vera nægilega mörg fyrir öruggt og þægilegt ferðaleg.	Já
1.8	Krafa	Handföng	Öll handföng skulu vera í lit sem sker sig frá umhverfinu. Æskilegur litur er gulur (RAL 1028, Melongelb).	
		Leiðarmerking	Möguleikt er á að verkkaupi vilji semja um að ákveðinn hluti rekstrarvagna verði búnir skiltakössum ásamt hugbúnaði til að forrita þá og verður það tekið upp í samlingaviðræðum. Eftirfarandi kröfur/óskir um leiðarmerkingar gilda þá.	Hægt að bjóða upp á aukna kostn.
1.9	Krafa	Leiðarmerking	Skildi skulu vera læsilega í öllum birtuskilyrðum þarf að vera leiðarskilti sem sýnir leiðarnúmer og áfangastað.	Hægt að bjóða upp á aukna kostn.
1.9	Ósk	Leiðarmerking	Framan á fyrrgreindum rekstrarvögnum þarf að vera leiðarskilti sem sýnir leiðarnúmer.	Hægt að bjóða upp á aukna kostn.
1.9	Ósk	Leiðarmerking	Á hægri hlið á fyrrgreindum vagni þarf að vera leiðarskilti sem sýnir leiðarnúmer.	Hægt að bjóða upp á aukna kostn.
1.9	Ósk	Leiðarmerking	Leiðarskilti að framan þarf að vera að minnst 24 punktar í hæð.	Hægt að bjóða upp á aukna kostn.
1.9	Ósk	Leiðarmerking	Leiðarskilti að framan þarf að vera að minnst 160 punktar í breidd.	Hægt að bjóða upp á aukna kostn.
1.9	Ósk	Leiðarmerking	Leiðarskilti á hægri hlið þarf að vera að minnst 300 mm x 1.580 mm.	Hægt að bjóða upp á aukna kostn.
1.9	Ósk	Leiðarmerking	Leiðarskilti á hægri hlið þarf að vera að minnst 24 punktar í hæð.	Hægt að bjóða upp á aukna kostn.
1.9	Ósk	Leiðarmerking	Leiðarskilti á hægri hlið þarf að vera að minnst 160 punktar í breidd.	Hægt að bjóða upp á aukna kostn.
1.9	Ósk	Leiðarmerking	Leiðarskilti á hægri hlið þarf að vera að minnst 200 mm x 270 mm.	Hægt að bjóða upp á aukna kostn.
1.10	Krafa	Litur	Rekstrarvagnar í reglubundinni akstursþjónustu skulu vera með máladeiri rauðir (RAL 3020) og með gulum (RAL 1028 Melongelb) stór mynd 1.1. ka í 1.10. Þegar um minni hluti er að ræða er hægt að fallast á að þeir séu svartir, álítir eða króm.	
1.10	Krafa	Merkingar	Rekstrarvagnar í tilfallandi akstursþjónustu skulu vera með sýnilegt merki í framrúðu til að gefa viðskiptavinum til kynna að ökutaskið sé í akstri fyrir verkkaupa. Verkkaupi útvegar merkingarnar.	
1.11	Krafa	Upphitun	Hítakerfi í vagni skal vinna þannig að jafn hiti verði í öllum vagninum.	

1.11	Krafa	Upphitun	Hítastig í vagni skal liggja á milli 18°C og 22°C.	
1.11	Krafa	Upphitun	Hita og loftæstikerfi skulu sjá til þess að loftskipti og hitun séu án óþægilegs dragsúgs.	
1.12	Krafa	Gluggar	Allir rekstrarvagnar skulu vera með hlöðargluggum í farþegasvæðum.	
1.13	Ósk	Ljós	Lýsing í rekstrarvögnum þarf að vera jöfn.	Já
1.13	Ósk	Ljós	Hægt þarf að vera að kveikja ljósið eftir þörfum þannig að farþeginn geti gengið án vandvæða um vagninn.	Já
1.13	Ósk	Ljós	Í ákveðnum tilvikum þarf að vera möguleiki á að deyfa ljósið til að koma í veg fyrir endurskin í frámíðu.	Já
1.13	Krafa	Ljós	Ljós skal vara við allar út- og inngöngudyr.	
1.13	Ósk	Ljós	Við allar Inn-og útstígsdurðir þarf að vera ljós sem lýsir niður á útstígsvæðið þ.e. Á gangstéttina. Ljósið má bara lýsa þegar durðirnar eru opnar og skal vara samþætt í húðaropnuninni	Já
1.14	Krafa	Røykingar	Vagnar skulu vera røyklusir. Rafrænar sigarettur, munni- og nætöpak eða annað þess háttar jafngildir hefðbundnum sigarettum og er því einnig bannað	
2.2	Krafa	Gerð II	Vagn skal taka a.m.k. éinn farþega í hjólastól og þrjú farþega í sæti	
2.2	Krafa	Gerð II	Helmið er að hafa farþegasæti fellanleg til þess að koma fyrir hjólastól/um	
2.2	Krafa	Gerð II	Þáaá fyrir hjólastól þarf að vera a.m.k. 800mm breitt og 1.400mm langt.	
2.2	Krafa	Gerð II	Öll sæti skulu snúa fram.	
2.2	Ósk	Gerð II	adgengilegt að samhlíða sætum þarf að vera gott.	Já
2.2	Ósk	Gerð II	Vagn þarf að vera útbúinn með a.m.k. 4 dyrum.	
2.2	Krafa	Gerð II	Innstíghæð og möguleg þrep skulu vera eins lág og hægt er, hámarkshæð þreps er 300mm.	
2.2	Ósk	Gerð II	Æskileg innstíghæð 250 mm.	
2.2	Krafa	Gerð II	Vagn skal geta tekið við farþegum í hjólastól sem að hámarki er, að farþega meðhöldum 850mm á breidd og 1.450mm á hæð.	
2.2	Ósk	Gerð II	Hæð milli gólfs og lofta vegna þarf að vera að lágmarki 1.700mm	Já
2.2	Ósk	Gerð II	Viðbótarpláss þarf að vera í rekstrarvagni sem rúmar að lágmarki eina göngugrind, heis fleiri.	Já



Til þátttakenda sem skiluðu inn endanlegum lausnum og verðtilboði í EES samningskaupum nr. 13261 "Akstursþjónusta fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna".

Málefni: Yfirferð á endanlegum lausnum og verðtilboðum – Niðurstaða

Endanlegar lausnir og verðtilboð hafa verið yfirfarin og leiðrétt eftir því sem við á og metin á grundvelli ákvæðis í kafla greina 0.2.9, hluta A og B í samningskaupagögnum nr. 13261. Við mat á gögnum þátttakenda var verðtilboðum skipt niður í hluta A og hluta B og eftir gerð rekstrarvagns. Eftirfarandi er yfirlit yfir niðurstöðu stigagjafar raðað eftir fjölda stiga:

Hluti A

	<i>Fjöldi vagna</i>	<i>Meðalverð</i>	<i>Heildarstig</i>
<i>Kynnisferðir ehf.</i>	30	4.236 kr.	100
<i>Hópbílar hf.</i>	<i>allt að 30</i>	6.993 kr.	66
<i>Iceland Excursions Allrahanda ehf.</i>	15	7.999 kr.	57
<i>AllIcelandTours ehf.</i>	2	10.760 kr.	51
<i>Haraldur Örn Arnarsson</i>	1	10.839 kr.	47
<i>Björn Páll Angantýsson</i>	3	8.338 kr.	46
<i>Hóþferðamiðstöðin - Trex ehf.</i>	11	10.816 kr.	45
<i>Andrés Eyberg Magnússon</i>	2	20.594 kr.	23
<i>Björn Úlfarsson</i>	1	20.637 kr.	22

Hluti B, rekstrarvagnar af gerð II

	<i>Fjöldi vagna</i>	<i>Meðalverð</i>	<i>Heildarstig</i>
<i>Hópbílar hf.</i>	<i>Allt að 5</i>	6.849 kr.	99
<i>Kynnisferðir ehf.</i>	<i>Allt að 20</i>	8.301 kr.	84
<i>Björn Úlfarsson</i>	1	8.616 kr.	80
<i>Haraldur Örn Arnarsson</i>	1	10.313 kr.	71
<i>AllIcelandTours ehf.</i>	1	9.567 kr.	68
<i>Björn Páll Angantýsson</i>	1	9.892 kr.	66



Hluti B, rekstrarvagnar af gerð III

	Fjöldi vagna	Meðalverð	Heildarstig
Hóþóllar hf.	Allt að 5	6.849 kr.	99
Sigurður Stefánsson	1	8.904 kr.	75

Hluti B, rekstrarvagnar af gerð IV

	Fjöldi vagna	Meðalverð	Heildarstig
Erla Kristín Harðardóttir	1	7.555 kr.	92
Andrés Eyberg Magnússon	1	7.737 kr.	88
Atli Sævar Grétarsson	1	7.954 kr.	87
Guðmundur Ægir Jóhannsson	1	7.954 kr.	87
Sigurður Stefánsson	1	7.954 kr.	87
Steindór Björnsson	1	7.954 kr.	87
Guðmundur Brynjar Hallgrímsson	1	7.954 kr.	87
Karl Grant	1	7.954 kr.	86
Andrés Eyberg Magnússon	1	7.737 kr.	86
Andrés Eyberg Magnússon	1	7.737 kr.	86
Lárus Ragnarsson	1	8.116 kr.	84
Sigurður Ívar Sölvason	1	8.387 kr.	81
Sigurður V. Bachmann	1	8.387 kr.	80
Haraldur Örn Arnarsson	1	8.167 kr.	77
AllcelandTours ehf.	1	8.667 kr.	75
AllcelandTours ehf.	1	8.667 kr.	75

Með vísan til greinar 0.2.9 „Val á samningsaðilum“ í samningskaupalýsingu og skilmála nr. 13261, hluti A og hluti B, þá hefur Strætó bs. ákveðið að taka tilboði Kynnisferða ehf. í hluta A og tilboði allra þátttakenda í hluta B. Fyrrgreint tilboð frá Kynnisferðum ehf. hlaut hæstu einkunn við mat á tilboðum sbr. grein 0.2.9 og öll tilboð í hluta B reyndust vera gíld.



Reykjavíkurborg
innkaupadeild

Þátttakendur geta óskað skriflega eftir nánari útskýringum varðandi mat á eigin tilboði. Skrifleg beiðni frá þátttakanda þarf að berast innkaupadeild Reykjavíkurborgar fyrir 2. september 2014 og verður henni svarað innan 15 daga frá móttökudegi skriflegrar fyrirspurnar.

Bent er á að það munu líða 10 dagar frá því ákvörðun þessi er tilkynnt þátttakendum þar til ákvörðun þessi telst endanlega samþykkt. Að þeim tíma liðnum verður önnur tilkynning send til allra þátttakenda þar sem fram kemur að ofangreind ákvörðun hafi verið endanlega samþykkt.

Vakin er athygli á að skv. lögum um opinber innkaup nr. 84/2007, getur aðili borið fram kæru til kærunefndar útboðsmála. Kæra skal berast nefndinni skriflega innan 20 daga frá því kærandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi, er hann telur brjóta gegn réttindum sínum, sbr. 1. mgr. 94. gr. laga um opinber innkaup. Eftir að bindandi samningur er kominn á hefur kærunefnd útboðsmála ekki heimild til að stöðva samningsgerð. Fyrir hverja kæru skal kærandi greiða kærugjald að fjárhæð kr. 150.000, skv. 3. ml. 1. mgr. 94. gr. laga um opinber innkaup.

Virðingarfyllt

f.h. innkaupadeildar Reykjavíkurborgar

Guðbjörg Eggertsdóttir

Hafliði R. Jónsson VSÓ

From: Guðbjörg Eggertsdóttir <gudbjorg.eggertsdottir@reykjavik.is>
Sent: 1. september 2014 09:28
To: haraldura@simnet.is; lr@mmedia.is; siggiivar@gmail.com; gfb@simnet.is; erlahardar@gmail.com; andresem43@gmail.com; bjornulf@hive.is; linda@centrum.is; tours@allicelandtours.is; ulfarm@re.is; afigummi@tristanari.com; info@trex.is; bjossip@heimsnet.is; runar@grayline.is; grant@islandia.is; asg@simnet.is; gisli@hopbilar.is; palmar@hopbilar.is; binninn66@gmail.com; kot@internet.is
Subject: Endanleg staðfesting á aðild að samningi í hluta B í EES samningskaupum nr.13261 Akstursþjónusta fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna.

Tilvísun í mál: R14050193

Til þátttakenda sem skiluðu inn endanlegum lausnum og verðtilboði í EES samningskaupum nr. 13261 "Akstursþjónusta fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna".

Málefni: Endanleg staðfesting á aðild að samningi vegna hluta B.

Ágætu viðtakendur,

Vísað er til tilkynningar innkaupadeildar Reykjavíkurborgar dags 19. ágúst sl. um aðild eftirtalinna þátttakenda að samningi vegna hluta B.

Hluti B, rekstrarvagnar af gerð II

	Fjöldi vagna	Meðalverð	Heildarstig
Hópbílar hf.	Allt að 5	6.849 kr.	99
Kynnisferðir ehf.	Allt að 20	8.301 kr.	84
Björn Úlfarsson	1	8.616 kr.	80
Haraldur Örn Arnarsson	1	10.313 kr.	71
AllIcelandTours ehf.	1	9.567 kr.	68
Björn Páll Angantýsson	1	9.892 kr.	66

Hluti B, rekstrarvagnar af gerð III

	Fjöldi vagna	Meðalverð	Heildarstig
Hópbílar hf.	Allt að 5	6.849 kr.	99
Sigurður Stefánsson	1	8.904 kr.	75

Hluti B, rekstrarvagnar af gerð IV

	Fjöldi vagna	Meðalverð	Heildarstig
Erla Kristín Harðardóttir	1	7.555 kr.	92
Andrés Eyberg Magnússon	1	7.737 kr.	88
Atli Sævar Grétarsson	1	7.954 kr.	87
Guðmundur Ægír Jóhannsson	1	7.954 kr.	87

<i>Sigurður Stefánsson</i>	1	7.954 kr.	87
<i>Steindór Björnsson</i>	1	7.954 kr.	87
<i>Guðmundur Brynjar Hallgrímsson</i>	1	7.954 kr.	87
<i>Karl Grant</i>	1	7.954 kr.	86
<i>Andrés Eyberg Magnússon</i>	1	7.737 kr.	86
<i>Andrés Eyberg Magnússon</i>	1	7.737 kr.	86
<i>Lárus Ragnarsson</i>	1	8.116 kr.	84
<i>Sigurður Ivar Sölvason</i>	1	8.387 kr.	81
<i>Sigurður V. Bachmann</i>	1	8.387 kr.	80
<i>Haraldur Örn Arnarsson</i>	1	8.167 kr.	77
<i>AllcelandTours ehf.</i>	1	8.667 kr.	75
<i>AllcelandTours ehf.</i>	1	8.667 kr.	75

Aðild ofangreindra aðila/fyrirtækja að samningi í **hluta B** er hér með endanlega samþykkt og telst því nú kominn á bindandi samningur við fyrrgreinda aðila/fyrirtæki á grundvelli EES samningskaupa nr. 13261 "Akstursþjónusta fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna" og tilboða framangreindra aðila/fyrirtækja, sbr. 49.lið inngangsorða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB og 19. gr. laga nr. 65/1993 um framkvæmd útboða.

Haft verður samband þegar skriflegur samningur er tilbúinn til undirritunar.

Virðingarfyllt



Guðbjörg Eggertsdóttir
Innkaupadeild

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími: +354 411-1111
Beinn sími: +354 411-1042 / GSM sími: +354 693 9399
Fax: +354 411-1048
Netfang deildar: utbod@reykjavik.is
gudbjorg.eggertsdottir@reykjavik.is

Undirritaðir aðilar, annars vegar Byggðasamlag Strætó bs., kt.: 500501-3160, sem Strætó bs. og hins vegar Kynnisferðir ehf., kt.: 620372-0489, og Ný-Tækni ehf., kt.: 531296-2309, gerum með okkur svohljóðandi

Samning

um yfirtöku Ný-Tækni ehf. (hér eftir nefndur akstursaðili) á samningsskyldum Kynnisferða ehf. samkvæmt rammamningi Kynnisferða ehf. við Strætó bs. um tilfallandi akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna, undirritaður dags 26.10.2014, skv. heimild í grein 0.3.11 í samningskaupagögnum nr. 13261.

1. gr.

Samningsverkið

Þjónustuverkefni þetta felst í því að annast akstursþjónustu á árunum 2015 – 2019 fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna sem Strætó bs. hefur tekið að sér að hafa umsjón með. Framkvæma skal akstursþjónustuna samkvæmt ákvæðum gildandi laga og reglugerða sem eiga við um þjónustu þessa og samningskaupagagna þessa þjónustuverkefnis.

Þjónustuverkefnið er nánar skilgreint í samningskaupagögnum útgefnum af VSÓ Ráðgjöf fyrir þjónustuverkið: „Samningskaup, Akstursþjónusta fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna, Hluti B: Tilfallandi akstursþjónusta“, Samningskaupagögn nr. 13261.

Þjónustu þessa skal vinna samkvæmt eftirtöldum gögnum:

1. Samningskaupagögn nr. 13261, dags. 1 júní 2014
2. Fyrirspurnir og svör á umsóknartíma
3. Endanlegar lausnir og verðtilboð Kynnisferða ehf. ásamt fylgigögnum, dags. 28.07.2014
4. Tilkynningu innkaupadeildar Reykjavíkurborgar til Kynnisferða ehf., dags. 19. ágúst 2014 um ákvörðun um val á tilboðum
5. Tilkynningu innkaupadeildar Reykjavíkurborgar til Kynnisferða ehf., dags. 1. september 2014 um endanlega staðfestingu á aðild að rammamningi
6. Rammamningur Strætó bs. og Kynnisferða ehf., undirritaður dags 26.10.2014
7. Gögn frá Ný-Tækni ehf. vegna yfirtöku samnings Kynnisferða ehf. við Strætó bs. samkvæmt beiðni
8. Minnisblað VSÓ Ráðgjafa, dags 03.02.2015, um mat á beiðni Kynnisferða ehf. um yfirtöku Ný-Tækni ehf. á samningsskyldum Kynnisferða ehf.
9. Skriflegt samþykki Strætó bs. fyrir aðilaskiptum að rammamningi við Kynnisferðir ehf.

Framangreind gögn eru hluti samnings þessa.

Auk þess skal akstursaðili vinna eftir gögnum útgefnum á samningstíma í samræmi við samningskaupagögn og verða þau þá hluti af samningi þessum.

2. gr.

Greiðslur

Samningsforsendur og samningljárhæðir eru, samkvæmt verðtilboði Kynnisferða ehf.:

Rekstrarvagn af gerð II, Hjólástólabifreið

Fjöldi rekstrarvagna af gerð II : 20

- Vegin heildareinkunn sbr. gr. 0.2.9 í samningskaupagögnum nr. 13261 : 84
 - Greiðsluliður A: 6.928 kr./klst.
 - Greiðsluliður B: 9.087 kr./klst.
 - Greiðsluliður C: 10.524 kr./klst.

3. gr.

Samningstími

Þjónustutími hefst strax og tilboði hefur förmlega verið tekið og gildir samningurinn til 31. desember 2019.

4. gr.

Vanefndir

Akstursaðili skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði samningskaupagagna og samnings þessa. Efni hann þær ekki, er Strætó bs. heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum löglegum vanefndaúrræðum.

A samningstíma getur hvorugur aðila sagt samningi einhlíða upp. Hins vegar er samningsaðila heimilt er rifta samningi einhlíða komi til verulegra eða ítrekaðra vanefnda af hálfu gagnaðila. Áður en til riftunar getur komið skal sá samningsaðili, sem telur að gagnaðili hafi vanefnt samningsskyldur sínar, senda gagnaðila áskorun um úrbætur þeirra vanefnda sem um er að ræða. Gefinn skal sanngjarn frestur til úrbóta, en sá frestur skal aldrei vera lengri en 7 dagar. Hafi úrbætur, í samræmi við áskorun, ekki verið framkvæmdar innan tilskilins frests getur samningsaðili lýst yfir riftun samnings án frekari fyrirvara eða aðvörunar.

Allar tilkynningar sem að þessum atriðum lúta skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.


6. gr.
Ýmis ákvæði.

Rísi ágreiningur vegna samnings aðila skal hann rekinn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


Af samningi þessum eru gerð þrjú samhljóða frumrit, eitt handa hverjum aðila. Fylgiskjöl með samningi þessum sem eru hluti hans, eru talin upp í 1. grein samnings þessa.

Reykjavík, 21. 12. 2015

Kaupandi þjónustu:


F.h. Strætó bs.

Akstursaðili:


F.h. Ný-Tæknis ehf.

Fráfarandi akstursaðili:


F.h. Kynniserðir ehf.

Vitundarvottar:


Kt.:


Kt.:

From: Úlfar Þór Marinósson <ulfar@re.is>
Sent: 17. desember 2015 15:16
To: Linda Fánney Valgeirsdóttir
Subject: FW: Rekstarvagnar / aksturþjónusta fyrir fatlaða

Fylgiskjal nr. 6

-----Original Message-----

From: Úlfar Þór Marinósson
Sent: 27. nóvember 2015 16:15
To: 'Sveinn Andri Sveinsson' <sas@reykjaviklawyers.com>
Subject: RE: Rekstarvagnar / aksturþjónusta fyrir fatlaða

Sæll Sveinn Andri

Ég staðfesti ekki að við höfum boðið rekstrarvagna í flokki IV svo því sé haldið til haga.

Mbk
Úlfar

-----Original Message-----

From: Sveinn Andri Sveinsson [mailto:sas@reykjaviklawyers.com]
Sent: 27. nóvember 2015 15:53
To: Úlfar Þór Marinósson <ulfar@re.is>
Subject: Re: Rekstarvagnar / aksturþjónusta fyrir fatlaða

Sæll

Aðalatriðið var að þú staðfestir það sem fram kom í símtali okkar um að þú hefðir boðið í rekstarvagna í flokki IV.

Fínt að það er komið fram.

Takk og góða helgi.

Kv.

Sveinn Andri Sveinsson
Hæstaréttarlögmaður / Supreme Court Attorney

Grjótagötu 7, 101 Reykjavík
Sími: 414 7425 GSM: 894-7406
Netpóstur: sas@reykjaviklawyers.com
www.reykjaviklawyers.com <<http://www.reykjaviklawyers.com/>>

On 27.11.2015, 15:45, "Úlfar Þór Marinósson" <ulfar@re.is> wrote:

>Sæll Sveinn Andri
>

>Ég get fullvissað þig um að mér er alveg sama hvað þú heldur um eigið
>ágæti í ritun fundargerða. Þetta er það sem ég segi, það sem ég vil
>segja og það sem ég meina, annað ekki.
>
>MBK
>Úlfar
>
>-----Original Message-----
>From: Sveinn Andri Sveinsson [mailto:sas@reykjaviklawyers.com]
>Sent: 26. nóvember 2015 22:17
>To: Úlfar Þór Marinósson <ulfar@re.is>
>Subject: Re: Rekstarvagnar / aksturþjónusta fyrir fatlaða
>
>Sæll aftur og takk fyrir þetta.
>
>Ég get fullvissað þig um það sem ég tók niður eftir þér er nákvæmlega
>eftir þér haft.
>
>Ég lít svo á að þú staðfestir að Kynnisferðir hafi í tilboði sínu boðið
>fram rekstrarvagna í flokki IV.
>
>Vinsamlegast láttu mig vita ef eitthvað sem fram kemur í punktunum er
>rangt.
>
>Ef ekkert svar berst lít ég svo á að þú gerir engar athugasemdir.
>
>Kv.
>
>
>Sveinn Andri Sveinsson
>Hæstaréttarlögmaður / Supreme Court Attorney
>
>
>Grjótagötu 7, 101 Reykjavík
>Sími: 414 7425 GSM: 894-7406
>Netpóstur: sas@reykjaviklawyers.com
>www.reykjaviklawyers.com <<http://www.reykjaviklawyers.com/>>
>
>
>
>
>On 26.11.2015, 15:00, "Úlfar Þór Marinósson" <ulfar@re.is> wrote:
>
>>
>>Sæll Sveinn Andri.
>>
>>Ég man nú ekki samtalið okkar nema í aðalatriðum. En ég get dregið af
>>allan vafa um það efni og sagt þér nákvæmlega hvernig þetta er.
>>
>>Ég get vísað í póst með viðhengi sem þú sendir mér þann 01.11.2015 og
>>get staðfest að það er í samræmi við það sem við skiluðum inn.
>>
>>Þar sem fram kemur að við bjóðum 1-20 Nýlega fólkstíla. Það er
>>jafnframt rétt að móðurfélagið Kynnisferðir áttu og eiga bifaleigu á
>>þessum tíma.
>>Ekki var um það að ræða að bifaleigan sinni þessum akstri, heldur kom

>>upp sú staða að notaðir bílar sem nýttir höfðu verið áður hjá
>>bílaleigunni gætu hugsamlega nýst í þetta verkefni eins og hverjir
>>aðrir nýlegir bílar.
>>Það er rétt að Kynnisferðir eiga fjölda Sprintera sem nýttir eru til
>>farþegaflutninga en áttu ekki að vera til notkunar í flokki IV.
>>
>>Mbk
>>
>> Úlfar Þór Marinósson
>>Rekstrarstjóri / Operation Manager
>>Mobile: +354 779 9201
>>Office: +354 519 9201
>>ulfarm@re.is
>>
>>
>>-----Original Message-----
>>From: Sveinn Andri Sveinsson [mailto:sas@reykjaviklawyers.com]
>>Sent: 16. nóvember 2015 23:55
>>To: Úlfar Þór Marinósson <ulfarm@re.is>
>>Subject: Re: Rekstarvagnar / aksturþjónusta fyrir fatlaða
>>
>>Sæll Úlfar
>>
>>
>>Ég vísa til fyrri tölvupóstsamskipta okkar og símtals í dag.
>>
>>Í samræmi við símtal okkar tek ég saman hér það sem okkur fór á milli.
>>
>>Þegar Kynnisferðir buðu í B-fluta samningskaupanna, tilfallandi akstur
>>fyrir fatlaða og fötluð skólabörn var ekki skilað inn eyðublað nr. IV:
>>„Skrá yfir rekstarvagna sem fyrirhugað er að nota við þjónustuverkið“
>>með lýsingu á hverjum og einum rekstrarvagni heldur hafi Strætó verið
>>gerð grein fyrir því að Kynnisferðir ættu í gegnum bílaeigu sína
>>Enterprise eina 500 fólksbíla, 1-4 farþega, sem hægt væri að velja úr,
>>auk þess sem fyrr lægi að félagið ætti marga Sprinter sem væru til taks.
>>
>>Það kom síðan fram í símtali okkar að boð Kynnisferða hefði miðað við
>>bifreiðar í flokki rekstarvagna nr. IV, 1-4 manna bifreiðar.
>>Meðlverðið kr. 8.300 hefði klárlega miðað við bíla í flokki IV.
>>
>>Vinsamlegast staðfestu við mig að þetta sé rétt eftir þér haft.
>>
>>Kveðja
>>
>>
>>Sveinn Andri Sveinsson
>>Hæstaréttarlögmaður / Supreme Court Attorney
>>
>>
>>Grjótagötu 7, 101 Reykjavík
>>Sími: 414 7425 GSM: 894-7406
>>Netpóstur: sas@reykjaviklawyers.com
>>www.reykjaviklawyers.com <<http://www.reykjaviklawyers.com/>>
>>
>>

>>
>>
>>On 1.11.2015, 16:48, "Sveinn Andri Sveinsson"
>><sas@reykjaviklawyers.com>
>>wrote:
>>
>>>Sæll Úlfar
>>>
>>>Ég vísa til fyrri samskipta okkar um tilboð Kynnisferða í tilfallandi
>>>akstur fyrir fatlaða og fötluð skólabörn.
>>>
>>>Mér hefur borist frá Strætó meðfylgjandi blað, sem er verðtilboð og
>>>þar sem fram koma upplýsingar um rekstrarvagna og fjölda þeirra;
>>>„Nýlegir fólksbílar“ og 1-20 talsins.
>>>
>>>Strætó hefur láðst að senda mér mér eyðublað sem Kynnisferðir hafa
>>>skilað inn útfyllt, sem er nr. IV: „Skrá yfir rekstarvagna sem
>>>fyrirhugað er að nota við þjónustuverkið.“
>>>
>>>Ekki vill svo vel til að þú eigir þetta hjá þér og getir sent mér?
>>>
>>>Kv.
>>>
>>>Sveinn Andri Sveinsson
>>>Hæstaréttarlögmaður / Supreme Court Attorney
>>>
>>>
>>>Grjótagötu 7, 101 Reykjavík
>>>Sími: 414 7425 GSM: 894-7406
>>>Netpóstur: sas@reykjaviklawyers.com
>>>www.reykjaviklawyers.com <<http://www.reykjaviklawyers.com/>>
>>>
>>>
>>>
>>>
>>>On 1.11.2015, 16:42, ""Sveinn Andri Sveinsson""
>>><0D6C2RZ5VYMJN-0R3CQT93XPKZP@uniFLOW> wrote:
>>>
>>>>
>>>
>>
>